

TELMA RÓBERTSDÓTTIR

Ekkert notalegra en að kveikja upp í arninum

• heimili
allt í MIÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR

Innbyggð uppbyggð vél og amerískur ísskápur

Sérblað um fasteignir
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



ÓLAFUR DE FLEUR

Heimsótti George Lucas

Fór á Skywalker-búgarðinn með fólki úr kvikmyndaheiminum.

FÓLK 30

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. júlí 2008 – 183. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Skrifar á Ísafirði



Auður Jónsdóttir rithöfundur flytur til Ísafjarðar þar sem hún ætlar að klára bókina Vetrarsól.

FÓLK 30


Vilja bæta þjónustuna

Hjónin Gunnur Hafsteinsdóttir og Stefán Jónsson opnuðu fyrsta gistiheimilið í Þorlákshöfn á dögunum.

TÍMAMÓT 16

Dóttir Jóns Gnarr á leiðinni í Mercedes Club

Margrét Edda Jónsdóttir er ein tveggja sem kemur til greina sem bakraddasöngkona Mercedes Club.




FÓLK 20

Dramatík í toppslagnum

Keflvíkingar unnu FH með marki í uppbotartíma.

ÍPRÓTTIR 24


VEÐRIÐ Í DAG



GÓÐVIÐRI Í dag verður hæg norðlæg eða breytileg átt. Sum staðar skýjað norðan til annars yfirleitt nokkuð bjart veður. Hætt við þoku með ströndum. Hiti 12-22 stig hlýjast sunnan og vestan til.

VEÐUR 4

ÚTVARPSHLUSTUN



Helldarhlustun á landinu
16. - 22. júní 2008

RÍV

TAKK FYRIR AÐ HLUSTA



PRÚÐBÚIN Í SUNNUNAGSBÍLTUR Hjónin Sævar Pétursson og Ragnheiður Sigurðardóttir skörðu sínu fegursta á árlegum fatadegi Fornbílaklúbbsins á Árbæjarsafni í gær. Sævar er formaður klúbbsins og kom akandi á þessari glæsikerru, Ford-bifreið frá árinu 1930.

FRÉTTABLAÐIÐ / AUBUNN

Utanríkisráðherra kominn í mál Pauls

Sendiherra Íslands í Róm á nú í viðræðum við ítölsk stjórnvöld og flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Paul Ramses eigi að fá sem besta málsmeðferð. Í utanríkisráðuneytinu er talað um þetta sem fyrsta skref í máli Keníamannsins.

FLÓTTAMENN Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra bað sendiherra Íslands að beita sér í máli keníska flóttamannsins Pauls Ramses á föstudaginn, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Sem kunnugt er var Paul vísað úr landi og til Ítalíu, á grundvelli Dyflinnar-samningsins, en hann hafði sótt um pólitískt hæli hér á landi. Hann dvelst nú nálægt Róm, ásamt öðrum flóttamönnum. Paul hefur verið viðloðandi Ísland lengi og kona hans og barn eru hér enn.

Sendiherrann mun hafa átt í viðræðum við ítölsk stjórnvöld og

Ég get staðfest það að sendiherrann í Róm fylgist með máli Pauls og að ráðherra er umhugað um málið.

KRISTRÚN HEIMISDÓTTIR
AÐSTOÐARMANNTUR UTANRÍKISRÁÐHERRA

flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna á Ítalíu, en hún getur haft inngríp í málefni einstaklinga. Staða Pauls er sögð mun sterkari en ella af þessum sökum.

Meiningin er að tryggja að Paul fái réttláta málsmeðferð og ítölsk

stjórnvöld séu vel upplýst um hans aðstæður. Ekki fengust upplýsingar um hvort stefnt er að því að hann komi hingað aftur.

Í utanríkisráðuneytinu er rætt um afskipti sendiherrans sem fyrstu skref.

Ekki náðist í utanríkisráðherra í gær og þegar Fréttablaðið ræddi við Krístrúnu Heimisdóttur, aðstoðarmann ráðherra, vildi hún ekkert tjá sig um málið.

„En ég get staðfest það að sendiherrann í Róm fylgist með máli Pauls og að ráðherra er umhugað um málið,“ sagði hún. - kóp / sjá síðu 6

Guðfinna Sigurðardóttir: Kemur íbúum Dubai í form á átta vikum

FÓLK Guðfinna Sigurðardóttir, líkamsræktarkennari og einkaþjálfari, kemur fólki í form á átta vikum á einu af Meridian-hótelunum í Dubai.



GUÐFINNA SIGURÐARDÓTTIR

Guðfinna kann vel við sig í furstadæminu þar sem hún hefur verið búsett síðastliðin sex ár, en upphaflega fluttist hún til Dubai þegar eiginmaður hennar, Michael Hansen, fékk flugmannsstöðu hjá Emirates-flugfélaginu.

Hún segir það hafa tekið um tvö ár að venjast menningu Dubai þar sem gifurlega mikil uppbygging á sér stað og segir hálfóhugnanlegt hversu miklir peningar séu í landinu.

- ag / sjá síðu 30

Átta lögregluþjónum banað: Fimmtán létust í sprengjuárás

ÍSLAMABAD, AP Að minnsta kosti fimmtán fórnarlömb liggja í valnum og yfir tuttugu eru sárir að auki eftir sjálfsmorðsprengjuárás í Íslamabad, höfuðborg Pakistans, í gær.

Meðal þeirra látnu eru átta lögreglumenn, að sögn pakistanskra yfirvalda.

Eitt ár er liðið frá því að um hundrað manns biðu bana þegar löngu umsátri um Rauðu moskuna í borginni lauk með hörðum átökum.

Árásin í gær var gerð í nágrenni lögreglustöðvar nærri Melody-verslunarhverfinu.

Lögregluþjónarnir sem munu hafa látist eru sagðir hafa verið að gæta að mótmælendum þegar sprengjan sprakk. - sh

Kafbátur mánaðarins
Pizzabátur 6 tommu bátur
SUBWAY 329 kr.
Gildir í júlí 2008
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Spórumáli

KRYDDSMJÖR
gerir gæfumuninn
m

SPURNING DAGSINS



Valgerður, ertu orðin Sivjuð á þessu?

„Það sem bjargar mér er það að ég er bara kvöldsvæf á veturna og þarf lítið að sofa á sumrin.“

Valgerði Sverrisdóttur, varaformanni Framsóknarflokksins, brá í brún þegar hún heyrði að Siv Friðleifsdóttir hefði tvívegis verið sögð varaformaður flokksins í kvöldfréttum Útvarps á laugardaginn.

Lögregla ók á bíl ökuníðings sem flúði undan henni á ofsahraða hverfa á milli:

Stefndi vegfarendum í voða

LÖGREGLUMÁL Maður í annarlegu ástandi keyrði á ofsahraða undan lögreglu á stolnum bíl í fyrrakvöld. „Engu skipti þótt lögreglu-menn settu upp lokanir og þrengingar. Bifreiðinni var miskunnarlaust ekið yfir kanta og hringtorg, á móti rauðu ljósi, upp á gangstéttir og á móti akstursstefnu,“ segir Jóhann Karl Þórisson, aðalvarðstjóri lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Tilkynnt var um furðulegt aksturslag mannsins klukkan rúmlega tíu í fyrrakvöld. Lögreglan gaf ökumanninum stöðvunarmerki við Rauðavatn skömmu síðar. Maðurinn sinni því í engu heldur



EFTIRFÖR Maðurinn ók gegn akstursstefnu, uppi á gangstéttum og yfir hringtorg. Myndin er úr safni.

jók hraðann suður Breiðholtsbraut, fór fram úr bílum öfugum megin vegarins og ók inn í Árbæinn. Þar ók hann á ofsahraða eða allt að hundrað kílómetra hraða á

klukkustund þar sem hámarks-hraði var þrjátíu. Ökumenn þurftu að sveigja frá manningum og keyra út í kant og gangandi vegfarendur þurftu sömuleiðis að forða sér.

Þaðan ók maðurinn í gegnum Rofabæ, inn í Bæjarháls, gegnum Höfðabakka og austur Vesturlandsveg að Grafarholti þar sem hann sýndi hvað glæfraleagan akstur.

Loks barst eftirförin aftur inn á Vesturlandsveg í átt að Mosfellsbæ. Þar ók lögreglubíll í hlið bifreiðarinnar með þeim afleiðingum að hún valt og hafnaði utan vegar.

Ökumanninn sakaði ekki. Hann var gisti fangageymslur. - ges



HÓPREIÐ Landsmót hestamanna þykir hafa tekist vel þetta árið.

Landsmóti hestamanna lokið:

Ánægðir með útkomuna

HESTAR Á milli 13 þúsund og 14 þúsund manns voru samankomnir á Gaddstaðaflosum á Hellu í gær, á lokadegi Landsmóts hestamanna.

Spennan var mikil og þéttsetið var í brekkunum þar sem fylgst var með úrslitum í öllum flokkum. Mótshaldarar eru ánægðir með keppnishaldið, segir lögreglan góðan anda hafa ríkt á svæðinu og engin stórmál komið upp.

Kjartan Þorkelsson, sýslumaður á Hvolsvelli, er mjög ánægður með mótið og segir að allt hafi farið vel fram miðað við þann mannfjölda sem var staddur á mótinu. - stp

DANMÖRK

Reykingamenn reiddust

Þrjú menn voru stungnir í Kaupmannahöfn í fyrrinótt eftir að einn þeirra hafði beðið nokkra reykingamenn um að færa sig út fyrir á meðan þeir reyktu. Reiddust reykingamennirnir og stungu manninn og félagan hans. Þeir voru fluttir á sjúkrahús en munu ekki í lífshættu.

SÓMALÍA

Starfsmanni SP banað

Yfirmaður þróunarástoðar Sameinuðu þjóðanna í Sómalíu féll fyrir hendi sómalskra byssumanna í gær, að því er talsmenn Sameinuðu þjóðanna fullyrða. Hann var skotin í höfuðið á leiðinni út úr mosku í Mogadishu, höfuðborg landsins.

Vatnaparadís gæti breyst í sundlaug

Óvíst er um vatnagarð sem sjálfstæðismenn og framsóknarmenn ákváðu að reisa í Úlfarsárdal. Hugsanlega verður hverfissundlaug látin nægja. Formaður skipulagsráðs segir stærð og staðsetningu sundlaugar ekki hafa verið ákveðna.

REYKJAVÍK Óvíst er hvort af byggingu vatnagarðs sem byggja átti í Úlfarsárdal verður. Hugsanlegt er að þar verði einungis hverfissundlaug.

Ákveðið var að láta reisa vatnagarð og sundlaug í Úlfarsárdal í tíð meirihluta sjálfstæðismanna og framsóknarmanna í borginni.

Tillaga þess efnis var samþykkt samhljóða í íþrótt- og tómstundaráði í janúar árið 2007 og skipulagsráð samþykkti í október það ár tillögu að deiliskipulagi sem gerði ráð fyrir garðinum.

Einnig var leitað eftir samstarfsaðilum um rekstur garðsins og fór forval um þróunar- og hugmynda-samkeppni fram þá um sumaríð.

„Vatnagarðurinn hefur verið tekinn út af deiliskipulaginu,“ segir Óskar Bergsson, borgarfulltrúi framsóknarmanna, sem spurðist fyrir um málið og fékk þau svör að verið væri að íhuga annan stað fyrir garðinn við Leirtjörn í miðsvæði hverfisins.

„Ég treysti því að menn vinna samkvæmt því sem sagt var þegar þessi breyting var gerð í vetur,“ segir Óskar. „Þessi sundlaugagarður var eitt af kosningamálum okkar framsóknarmanna og við höfum mikinn áhuga á því að hann verði að veruleika.“

„Við gerum ráð fyrir umfangsmikilli þjónustu í þessu hverfi, þar á meðal sundlaug,“ segir Kjartan Magnússon, formaður íþrótt- og tómstundaráðs.

Kjartan kveðst ekki geta svarað því hvort um sundlaug eða vatnagarð verði að ræða. „Við eigum eftir að útfæra skipulagið nánar.“

Fulltrúar meirihlutans í skipulagsráði telja að ekki sé rými fyrir vatnagarð þar sem hann átti upphaflega að rísa, vegna annarrar íþrótt- og útivistarstöðu sem þar er í undirbúningi, að því er fram kemur í skriflegu svari til minnihlutans í ráðinu.

Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður ráðsins, segir hvorki búið að taka endanlega ákvörðun um staðsetningu né stærð sundlaugar í Úlfarsárdal.

„Við erum að skoða þetta í samhengi við annað skipulag á svæðinu,“ segir Hanna Birna. „Við höfum hugmyndir um útivistarparadís í dalnum og þar stendur einnig til að hafa sundlaug.“

Hanna Birna útilokar ekki vatnagarð en segir að umfang sundlaugarinnar hafi ekki enn verið ákveðið.

helgat@frettabladid.is



HVERFISSUNDLAUG Óvíst er hvort ráðist verður í byggingu vatnagarðs sem rísa átti í Úlfarsárdal. Kannski verður hverfissundlaug látin nægja.

Óheppinn þjófur á Akureyri:

Bankaði upp á hjá lögreglunni

LÖGREGLUMÁL Maður frá Akureyri, sem leitað hafði verið án árangurs vegna þjófnaðar á myndavél, bankaði í fyrrinótt upp á hjá einum lögreglumannanna sem hafði leitað hans. Lögreglumaðurinn elti þjófinn og kallaði á aðstoð sem leiddi til handtöku hans. Í fórum mannsins var þýfi úr öðru innbroti auk þess sem félagi hans var ákærður fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna.

Erindi mannsins í hús lögreglumannsins er óvíst en grunur leikur á að hann hafi verið að undirbúa innbrot í húsinu. Það var hrein tilviljun að hús lögreglumannsins varð fyrir valinu. - ges



STEMNING Gríðarlegur mannfjöldi kemur árlega saman í Pamplona á Spáni til að fylgjast með árlegu nautahlaupi.

Þúsundir komu saman:

Hlaupið undan sex nautum

SPÁNN, AP Margt var um manninn á götum Pamplona á Spáni í gær þegar fólk safnaðist saman til að fagna byrjuninni á hinni árlegu nautahlaupshátíð, San Fermin.

San Fermin-hátíðin er þekkt um allan heim fyrir nautahlaupin.

Hvert hlaup á sér stað um klukkan 8 fyrir hádegi. Þar er reynt á hæfileika og hugrekki þátttakenda sem þurfa að hlaupa meðfram þröngum götum Pamplona með sex ögvekjandi naut sér við hlið. Seinni hluta dags mæta nautin síðan þjálfuðum nautabönnum í nautaats-hringnum. - stp

Írskir dagar á Akranesi:

Hátíðarhöldin fóru vel fram

LÖGREGLUMÁL Varðstjóri lögreglunnar á Akranesi segir eftirlit með aldurstakmarki gesta á Írskum dögum um helgina hafa skilað góðum árangri. Ekkert hafi verið um skríslæti eins og í fyrra og hátíðarhöldin hafi tekist mjög vel.

Þó fékk lögreglan tilkynningu um fimm líkamsárásir, tíu voru teknir með eiturflyf og níu voru grunaðir um að keyra undir áhrifum. - ges

Tveir fyrrum háttsettir hershöfðingjar taldir hafa ætlað að steypa Tyrklandsstjórn: Tyrkir segjast hafa afstýrt valdaráni

ANKARA, AP Tyrknesk lögregla handtók í gær tvo fyrrverandi háttsetta hershöfðingja sem grunaðir eru um að hafa ætlað að steypa íslamskri ríkisstjórn landsins. Alls hefur nú 21 verið handtekinn undanfarna viku í tengslum við meint valdarán.

Engar ákærur hafa verið gefnar út vegna málsins og yfirvöld hafa litlar upplýsingar viljað veita. Sum dagblöð tengd tyrknesku stjórninni fullyrða að þeir grunuðu hafi skipulagt hrinu atburða, meðal annars fjöldamótmæli og ofbeldisfull átök við lögreglu, sem að endingu myndu leiða til valdarans hersins.

Þeir handteku eru hluti þjóðernissinnaða hópsins Ergenekon, sem er fylgjandi veraldlegri ríkisstjórn í Tyrklandi. Annar hershöfðinginn tók þátt í því að skipu-

leggja nokkur mótmæli gegn ríkisstjórn landsins í fyrra. Rannsókn á meintu valdaráni hófst á síðasta ári þegar handspengjur ætlaðar opinberri öryggislögreglu fundust á heimili fyrrverandi hershöfðingja.

Stjórnarandstæðingar og fleiri hafa stigið fram og gagnrýnt handtökurnar. Þeir fullyrða að þær séu liður í tilraun stjórnvalda til að þagga niður í andstæðingum ríkisstjórnarinnar. - sh

REIÐIR MÓTMÆLENDUR Handtökunum var mótmælt af andstæðingum stjórnvalda í gær. Þeir segja stjórnina reyna með þeim að þagga niður í gagnrýnisróddum

FRÉTTABLAÐIÐ / AP

-2kr.

Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is



Hannaðu þinn eigin bol á nova.is

Nova bolir eru skemmtileg nýjung fyrir einstaklinga og hópa sem vilja sérhanna boli fyrir útihátíðir, ættarmót og önnur sérstök tækifæri. Kíktu á nova.is strax í dag og búðu til bolinn sem þig hefur alltaf langað til að vera í.

Ég er
6 í bist.
770 1313

KYNNINGARVERÐ

Aðeins
790 kr.

Fólk sem
les boli ætti
kannski
frekar að
lesa bækur
770 1313

Loksins
laus við
frunsur.
770 1313

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

Versti salmonellufaraldurinn í fimmtán ár geisar í Danmörku:

Þúsundir taldir hafa veikst

DANMÖRK Salmonellufaraldur geisar í Danmörku og er hann sá verst í fimmtán ár. Talið er að þúsundir Dana hafi veikst þó að aðeins 330 hafi leitað læknishjálpar og verið skráðir veikir. Sjúklingarnir eru á öllum aldri þó að heldur fleiri börn hafi veikst en venjulega.

„Langflestir berjast við sýkinguna án þess að leita læknishjálpar eða fara á sjúkrahús og eru því ekki skráðir veikir,“ segir í frétt á vef danska blaðsins Politiken.

Ekki er vitað hvar salmonellufaraldurinn á upptök sín en rannsókn stendur yfir. Engar grænmetisætur hafa sýkst. „Allt bendir til þess að faraldurinn komi úr



TALIN KOMA ÚR KJÖTINU Ekki er vitað hvaðan salmonellusýkingin kemur en allt bendir til að hún komi úr kjötframleiðslunni, að sögn yfirlæknis.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

kjötframleiðslunni, trúlega úr svínakjötframleiðslunni eða ali-

fluglæktinni,“ segir Kåre Mølbak yfirlæknir í Politiken en bætir svo við að engar vísbendingar liggi fyrir.

Hátt í fjögur þúsund einstaklingar hafa fengið niðurgang, hita og slæma magaverki síðustu vikur og hafa sumir verið svo veikir að þeir hafa verið lagðir á sjúkrahús. Vart varð við fyrstu tilvikin í febrúar en heilbrigðisfyrivöld fóru ekki að skoða málið fyrr en salmonellufaraldurinn komst á fullan skrið í maí.

Norðmenn velja fyrir sér hvort salmonellufaraldurinn geti borist yfir til þeirra en ekkert bendir til að svo sé enn sem komið er.

- ghs

Átök í iðnaðarhúsnæði:

Varðist árás með eggvopni

LÖGREGLUMÁL Karlmaður var fluttur slasaður eftir að hafa verið stunginn með hnífi í fyrrið. Árásin átti sér stað í iðnaðarhverfi í Hafnarfirði. Svo virðist sem átök hafi brotist út í húsi þar sem mennirnir leigja herbergi. Fimm manna hópur mun hafa ráðið að einum íbúanna. Sá varðist árásmönnum og lagði til eins með hnífi.

Hinn slasaði var fluttur á slysa-deild en mun ekki alvarlega slasaður. Hnífamaðurinn var handtekinn á staðnum og látinn gista fangageymslur.

Alls komu fimm líkamsrásir til kasta lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í fyrrið. - ges

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	77,1	77,46
Sterlingspund	152,87	153,61
Evra	120,89	121,57
Dönsk króna	16,21	16,304
Norsk króna	15,151	15,241
Sænsk króna	12,871	12,947
Japanskt jen	0,7219	0,7261

SDR	125,33	126,07
-----	--------	--------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

155,545

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



DES BROWNE Varnarmálaráðherra Bretlands.

NORDICPHOTOS/AFP

Breski flotinn stækkar:

Sex hundruð milljarða skip

BRETLAND, AP Breska varnarmálaráðuneytið hefur skrifað undir samninga um smíði tveggja flugmóðurskipa sem í heild munu kosta um fjóra milljarða punda, jafnvirði meira en sex hundruð milljarða króna. Fréttavefur BBC greinir frá þessu.

Skipin verða tekin í notkun árin 2014 og 2016. Þau verða þrefalt stærri en þau flugmóðurskip sem breski flotinn notar nú. Dekkið verður á við þrjá fótboltavelli.

Varnarmálaráðherrann Des Browne segir skipin nauðsynleg til að halda breska hernum í fremstu röð. Áætlað er að smíði skipanna skapi um tíu þúsund störf í Bretlandi.

- gh

Tóbaksbann í Hollandi:

Má ekki hafa tóbak í hassinu

HOLLAND, AP Bann við tóbaksreykingum á veitingahúsum tók gildi á Hollandi um mánaðamótin. Áfram má þó reykja kannabis á kaffihúsum.

„Þetta er heimurinn á hvolfi: Annars staðar er leitað að maríjúana í sigarettunni. Hér er leitað að tóbaki í maríjúananu,“ sagði stjórnandi eins kaffihúss.

Að loknum einum reynslumánuði verða eigendur veitingahúsa sektaðir sé tóbak reykt þar.

Sérfræðingar segja að bann við tóbaksreykingum hafi haft jákvæð áhrif á lýðheilsu hvarvetna sem slíkt bann hefur tekið gildi.

- gh



MÓTMÆLENDUR Yfir tuttugu þúsund lögreglumenn hafa verið fengnir í það verkefni að halda mótmælendum í skefjum víðs vegar um Japan. Þessir gengu um götur Sapporo með höfuð leiðtoganna á prikum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Síðasti fundur Bush

Loftslags- og efnahagsmál verða í brennidepli á síðasta G8-fundi George W. Bush sem hefst í dag. Frakklandsforseti áréttaði á laugardag að fjölga þyrfti í hópnum.

JAPAN, AP Leiðtogar G8-ríkjanna svokölluðu, helstu iðnríkja heims, hittast á árlegum fundi sínum í dag. Fundurinn fer fram í Japan og stendur í þrjá daga. Loftslagsmál og efnahagsmál verða þar efst á baugi en talið er að fundurinn muni bera þess augljós merki að hann er sá síðasti með þátttöku George W. Bush Bandaríkjaforseta.

Gríðarmikill viðbúnaður er hjá lögreglunni í Japan vegna mótmælenda sem safnast hafa saman víðs vegar um landið. Bærinn Toyako, þar sem fundurinn fer fram, hefur verið girtur af og enginn fær aðgang nema leiðtogarnir og fylgdarlið þeirra.

Eitt meginviðfangsefni fundarins er að ná samkomulagi um að draga mjög úr losun gróðurhúsalofttegunda í tveimur áföngum, annars vegar fyrir 2020 og

hins vegar fyrir 2050. Fáir búast við því að Bush muni gefa mikið eftir í þeim efnunum, en hann hefur til að mynda staðið fast á þeirri skoðun sinni að Kína og Indland, ört vaxandi efnahagsveldi sem menga gríðarlega, verði undir sama hatt sett og önnur þróaðri stórveldi hvað varðar slík markmið.

Þjóðir með aðrar áherslur en Bandaríkjamenn eru sagðar munu biða átektu eftir forsetakosningar vestra í haust, enda hafa báðir frambjóðendurnir, Barack Obama og John McCain, lýst yfir vilja til að ganga lengra í að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda en Bush hefur viljað gera.

Miklar hækkanir á heimsmarkaðsverði á olfu verða einnig ræddar á fundinum, sem og sú efnahagslæð sem blasir við flestum G8-ríkjunum.

Í hópnum eru Bandaríkin, Bretland, Þýskaland, Japan, Frakkland, Rússland, Ítalía og Kanada. Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti hefur lýst því yfir að fjölga skyldi ríkjum í hópnum og áréttaði þá skoðun sína á laugardag. Hann sagði það örökrétt og ósanngjarnt að ríki á borð við Kína og Indland, sem hafa þriðja og fjórða stærsta efnahag heims, taki ekki þátt í leiðtogafundinum. Þar fyrir utan sé óeðlilegt að sniðganga allar arabískar, afrískar og suðuramerískar þjóðir.

Nokkrir leiðtogar Afríkjuríkja sem taldir hafa verið hallir undir Robert Mugabe Simbabweforseta hafa verið boðaðir til fundarins til að ræða málefni Simbabwe. Angela Merkel, kanslari Þýskalands, hefur sagst vongóð um að þeir muni styðja harðari refsiaðgerðir gegn landinu.

stigur@frettabladid.is

Kínverska hylkið reyndist illa:

Enn af blek-hylkjum

Ódýrasti kosturinn er ekki alltaf sá besti – þetta vita flestir, eða ættu að minnsta kosti að vita það. Það er betra að velja dýrari og traustari kost en að sitja uppi með eitthvert rusl. Kínversku blekhylkin sem ég keypti í prentarann minn hjá Blek.is – og ég sagði frá í þessum dálki á miðvikudaginn – reyndust vægast sagt illa. Stóra svarta hylkið lak og allt varð útbíað í bleki. Mér leið eins og í örnum kínversks kolkrabba þegar ég barðist við að þrifa viðkvæmt gangvirki prentarans. Ekki reyndi á hin hylkin því ég fór með þau öll og fékk endurgreitt án vandkvæða.

Afgreiðslumaðurinn sagði að oftast væri nú allt í lagi með þessi ódýru óheppinn. Ég fór beint í Griffil og keypti ódýrustu orginal Canon-hylkin sem ég vissi um. Þau virka náttúrulega eins og hugur manns.

Í kjölfarið á þessari blekkönnun minni vöknudu þeir hjá Office 1 upp við vandan neytendadraum. Þeir lækkuðu hylkin sín snarlega og gerðu gott betur: auglýsa nú 25 prósentu lækkun á öllum vörum í verslunum sínum. Nú er bara vonandi að allir verði áfram á tánum.



DR. GUNNAR gunnarh@frettabladid.is

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is.

STIGAR OG HANDRÍÐ ÚR GLERI OG STÁLI



ÚTI SEM INNI

ATLANTSKAUP Upplýsingar á www.atlantskaup.is

Atlantskaup ehf. Bæjarflöt 6,112 Reykjavík S: 533 3700

VEÐURSPÁ




Sigurður P. Ragnarsson veðurfræðingur

BREYTINGAR Á FÖSTUDAG

Mjög keimlíkt veður og verið hefur mun verða megnið af þessari viku. Hægviðri með þurrki og mildu veðri er að sjá fram á fimmtudag auk þess sem búast má við nokkuð björtu veðri víðast hvar. Á föstudag snýr hann sér í suðlæga átt með rigningu á vesturhluta landsins.

Á MORGUN Hæg norðlæg eða breytileg átt

MÍÐVIKUDAGUR Hæg breytileg átt.



HEIMURINN

Kaupmannahöfn	22°
Billund	19°
Ósló	13°
Stokkhólmur	15°
Gautaborg	18°
Helsinki	17°
Eindhoven	19°
Amsterdam	19°
London	19°
Berlín	24°
Frankfurt	21°
Friedrichshafen	19°
París	19°
Basel	18°
Barcelona	24°
Alicante	30°
Algarve	27°
Tenerife	22°

Vindhraði er í m/s. Hitastig er í °C. Gildistími korta er um hádegi.



Way of Life!



Mótor Hjól



Malbik eða möl? Skiptir ekki máli. Frá Suzuki finnur þú mótorhjól sem henta. Komdu við að Kaplahruni 1, Hafnarfirði eða á www.suzuki.is og finndu nýja mótorhjólíð þitt.

Suzuki Umboðið ehf. Kaplahruni 1, Hafnarfirði. Sími 565-1725

KJÖRKASSINN



Heldur þú að uppsagnirnar á RÚV hafi verið eina mögulega sparnaðarúræðið?

Já	24,6%
Nei	75,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Var rétt ákvörðun hjá Seðla-bankanum að lækka ekki stýrivexti?

Segðu skoðun þína á visir.is.



Umsækjendur um starf hjá Alcan eru spurðir um stöðu móður þeirra og föður:

Spyrja umsækjendur um foreldra

PERSÓNUVERND Í umsóknareyðublaði um starf hjá Alcan á Íslandi vekur athygli að umsækjendur eru spurðir um nafn og stöðu foreldra sinna. Upplýsingafulltrúi Alcan segir spurninguna ætlaða til þess að ungrir sumarstarfsmenn lendi ekki á sömu starfsstöð og foreldrar þeirra.

„Á hverju ári sækja um hjá okkur hátt í þúsund sumarstarfsmenn og það eru þeir sem nota helst þetta eyðublað,“ segir Magnús Þór Gylfason, upplýsingafulltrúi Alcan á Íslandi. „Það er sérstaklega mikið um að börn starfsfólks sækja um og við viljum tryggja að þau séu ekki ráðin á sömu starfsstöð og foreldrar þeirra. Að öðru leyti gerum við ekkert við þessar upplýsingar, við erum ekkert að safna þeim eða neitt svoleiðis.“

Magnús bendir á að oft sé spurt um maka fólks í sams konar umsóknareyðublaðum og á því sé enginn eðlismunur. „Það er hins vegar engin skylda að fylla



ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK Mikið er um að börn starfsfólks sækja um sumarstöf.

þetta út,“ bætir hann við. „Við höfum aldrei fengið athugasemd út af þessu frá einum eða neinum.“

Þær upplýsingar fengust hjá Persónuvernd að málið hefði ekki borist inn á borð til stofnunarinnar. Að öðru leyti gæti starfsfólk hennar ekki tjáð sig um málið.

Eftirköst jarðskjálftanna:

Starfshópur um endurreisn

JARÐSKJÁLFTI Tilkynnt hefur verið um stofnun Starfshóps um endurreisnarstarf vegna jarðskjálftanna á Suðurlandi í lok maí.

„Nú fær fólk niðurstöður um hve mikið tjón tryggingarnar bæta. Okkar hlutverk er að taka á hlutum sem ekki eru bættir,“ segir Bolli Þór Bollason ráðuneytisstjóri sem stýrir hópnum. „Við fræðum íbúa um hvert eigi að snúa sér og eyðum óvissu fólks.“

Bolli segir tjónið umfangsmeira en í skjálftunum árið 2000. „Þá var tjónið mest í sveitum og snerti rúmlega tvö þúsund manns. Nú er það í þéttbýli og snertir í kringum tíu þúsund manns.“

Viðurkenning jafnréttisráðs

Auglýst eftir tilnefningum

JAFNRÉTTISMÁL Auglýst er eftir tilnefningum til jafnréttisviðurkenningar Jafnréttisráðs fyrir árið 2008. Tilgangurinn er að verðlauna vel unnin störf í þágu jafnréttis karla og kvenna.

Viðurkenningin getur hlotnast fyrirtækjum, stofnunum, sveitarfélögum, hópum eða félagasamtökum sem hafa á einn eða annan hátt markað spor eða skarað fram úr á sviði jafnréttismála.

Tilnefningum skal skila til jafnréttisráðs, Borgum, 600 Akureyri. Hægt er að skila ábendingum símleiðis í númerið 460-6200, í bréfsíma 460-6201 eða á tölvupóstfangið jafnretti@jafnretti.is.

- hjj

BANDARÍKIN

Jesse Helms látinn

Jesse Helms, sem um þriggja áratuga skeið sat í öldungadeild Bandaríkjaþings fyrir Norður-Karólínu, andaðist á þjóðhátíðardegi Bandaríkjanna í gær. Hann var 86 ára að aldri. Á pólitískum ferli sínum beitti repúblikaninn Helms sér gegn því að blökkumönnum yrðu veitt aukin réttindi, gegn meintum kommúnistum og öðrum sem honum þótti ekki virða „amerísk gildi“.

FJARSKIPTI

Þriðja kynslóð á Akranesi

Lokið hefur verið við uppsetningu á sendum fyrir þriðju kynslóðar farsímanetið, 3G, á Akranesi. Áttatíu prósent landsmanna eru nú á 3G-þjónustuvæði Símans að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá fyrirtækinu.

Segir mál Pauls vera Íslandi til skammar

Guðrún Helgadóttir, fyrrverandi alþingismaður, segir mál Pauls Ramses vera Íslendingum til háborinnar skammar. Hún hótaði að hætta að styðja ríkisstjórn Gunnars Thoroddsen, þegar svipað mál kom upp 1980. Gunnar gekk í málið.

FLÓTTAMENN „Þetta er okkur til háborinnar skammar og frammi-staða ríkisstjórnarinnar afskaplega léleg,“ segir Guðrún Helgadóttir, fyrrverandi alþingismaður. Hún saknar afstöðu utanríkisráðherra, sem ætti að beita sér í málinu „og þótt fyrir hefði verið“.

Guðrún náði því fram árið 1980 að frönskum flóttamanni, sem hafði neitað að gegna herþjónustu í Frakklandi, var fundið hæli í Danmörku.

Þáverandi dómsmálaráðherra taldi réttast að hafna beiðni Patrick Gervasoni, þar sem það gæti skapað fordæmi fyrir alla sem ekki vildu gegna herþjónustu. Að auki komst Patrick til landsins með fölsuðum skilríkjum. En fallist var á málstað Guðrúnar, þegar hún hótaði að hætta að styðja ríkisstjórnina.

„Og þetta er sama sagan,“ segir Guðrún, sem telur að lökum vinnubrögðum embættismanna sé meðal annars um að kenna.

„Þetta er óskaplegt flautur að senda manninn úr landi frá konu og barni án þess að mál hans sé búið að fara í gegnum það ferli sem það átti að fara í.“

Brottvísun Pauls hafi verið samkvæmt Dyflinnar-samningnum.

„En samningurinn er bara rammi. Hver einasta sjálfstæð þjóð hefur leyfi til að gera undantekningar. Og við höfum gert það áður,“ segir hún.

Máli Patrick Gervasoni, franska flóttamannsins, lauk á annan hátt en máli Pauls, sem var vísað frá landinu, án þess að mál hans fengi formlega umfjöllun.

„Það var bara samið við danska dómsmálaráðherrann og þannig



PATRICK GERVASONI Frakkinn vann um stund að viðhaldi í dómsmálaráðuneytinu. Kannski er hann hér fyrir utan skrifstofu þáverandi ráðherra, Friðjóns Þórðarsonar.

BER AÐ HEGÐA SÉR SAMKVÆMT SAMVIKSU

[...] En sem réttkjörinn alþingismaður hef ég einnig rétt til að hætta stuðningi við ríkisstjórn sem lætur slíkt athæfi viðgangast.

Sérhverjum alþingismanni ber að hegða sér samkvæmt samvisku sinni og bestu vitund, og þann rétt getur enginn frá mér tekið. [...] Ég tók við umboði mínu sem sósíalísta, hernámsandstæðingur og baráttumaður fyrir mannréttindum, en ekki til að vera fótaþurka fyrir afturhaldið í landinu. [...]

Ég mun vinna verk mitt sem alþingismaður, svo lengi sem ég er til þess kjörin, en frá þessum degi er ég óbundin núverandi ríkisstjórnarsamstarfi. [...]

- Ur yfirlýsingu Guðrúnar Helgadóttur 2. desember 1980



GUÐRÚN HELGADÓTTIR

leystist málið í ríkisstjórninni. Gunnar Thoroddsen [þáverandi forsætisráðherra] gekk í þetta, skynsamur maður sem hann var. Hann sá að þetta var gjörsamlega fráleitt, svo hann fór og samdi og

leysti málið. Stjórnin hélt velli!“ Núverandi yfirvöld hafi hins vegar gerst sek um „óskiljanleg vinnubrögð, sem eru satt að segja ekki okkur sæmandi,“ segir hún.

klemens@frettabladid.is



Hver vaktar þitt heimili?

Prófaðu Heimaöryggi í sumar – án endurgjalds

- Þú prófar í 2 mánuði, engin krafa um framhaldsviðskipti.
- Heimaöryggi felur í sér innbrotsvörn, útkallsþjónustu, brunaviðvörðun og vatnsviðvörðun.
- Tilboðið gildir til 15. ágúst 2008, gríptu tækifærið núna.

Í boði á þeim þéttbýlisstöðum landsins þar sem Öryggismiðstöðin hefur þjónustuaðila og sinnir útkallsþjónustu.

Pantaðu núna á www.oryggi.is



Hafið - fiskiprinsinn

kominn í Hafnarfjörðinn
opnar að Reykjavíkurvegi 68
sælkera fiskverslun í dag



Þú getur alltaf treyst á prinsinn

Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi • s: 554 7200
Reykjavíkurvegi 68 • 220 Hafnarfirði • s: 5557220
www.hafid.is

Skýrsla bandarískra leyniþjónusta um hnattræn áhrif loftslagsbreytinga:

Ógn við öryggi í heiminum

WASHINGTON, AP Loftslagsbreytingar eru líklegar til að auka hungur og vatnsskort, valda náttúruhamförum, veikja stóðir óstöðugra ríkja og auka straum flóttafólks, að því er fram kemur í skýrslu sem sextán bandarískar leyniþjónustur hafa tekið saman fyrir Bandaríkjaþing.

Afríka sunnan Sahara, Mið-Austurlönd og Mið- og Suðaustur-Asía eru þau svæði sem sagt er í skýrslunni að verði líklegast verst úti vegna flóða, þurrka, uppskerubrests og veðurhamfara. Vesturlönd séu bærari til að takast á við breytingarnar, en öryggi þeirra gæti verið ógnað vegna óstöðugleika annars staðar.

Bent er á að loftslagsbreytingar séu líklegar til að hafa viss jákvæð áhrif. T.d. gæti framlegð landbúnaðar í Norður-Ameríku (og víðar á norðurhveli) og vatnsbirgðir í Suður-Ameríku aukist.

Bandarísk sjóhernaðarrannsóknarstofnun gaf í fyrria út skýrslu um sama efni. Þar kom fram að loftslagsbreytingar gætu skapað aðstæður fyrir aukna hryðjuverkastarfsemi með því að veikja stóðir óstöðugra ríkja.

- gh




FRÁ MALAVÍ Uppspera matvælategunda sem krefjast mikils vatns gæti minnkað um helming í Afríku á næstu tólf árum, samkvæmt skýrslunni.

HONDA
The Power of Dreams



SMÁATRÍÐIN SKIPTA STÓRMÁLI Í NÝJUM ENDURHÖNNUÐUM CIVIC

Nýr endurhannaður Honda Civic gjörbyltir því hvernig við öikum. Hann er ótrúlega rúmgóður og fjölhæfur hið innra án þess að gæðum og þægindum sé fórnað. En það sem gerir nýjan Civic virkilega frábrugðinn öðrum bílum er róttæk nálgun á því hvernig við upplifum aksturinn. Þessi bíll er hannaður til að hressa, bæta og kæta þig í hvert sinn sem þú ekur honum. Markmið okkar er sáraféinfalt. Við viljum ekki að þú hugsir um nýjan Civic sem frábæran bíl. **Við viljum að þú finnr það!**



Honda Civic er hlaðinn staðalbúnaði. 17" álfelgur, þokuljós, aksturstölvu, skriðstillir, tölvustýrð miðstöð með loftkælingu, rafdrifnir aðfellanlegir og upphitaðir hliðarspeglar, rafdrifnar rúður að framan og aftan, útvarp með geislasplara MP3/WMA, fjarstýring fyrir hljómtæki í stýri. Að ógleymsdu ABS bremsukerfi með EBD hemlajöfnunarkerfi, VSA stöðugleikakerfi og spólvörn, 6 loftþúðum og ISOFIX barnabílastólafestingum. Honda Civic Sport er fánlegur 6 gíra eða sjálfskíptur.

**Honda Civic Sport, 1.8i, 140 hestöfl, 6 gíra
kr. 2.999.000**



www.honda.is



Vatnagörðum 24 - 26 • Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

UMBOÐSAÐILAR: Bílver - Bernhard, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

Tölur um eldsneytiseyðslu og CO₂ útblástur eru byggðar á mælingum samkvæmt EU staðli.

VEISTU SVARID?



1. Hver var kosinn forseti Laxaverndunarstofnunarinnar?
2. Hver hefur keypt kvikmyndaréttinn að skáldsögunni Afleggjaranum?
3. Hver ætlar að bjóða tengdforeldrum sínum til landsins?

SVÖR Á SÍÐU 30

RÚV breytti auglýsingu eftir athugasemd:

Röng skífurit RÚV

SAMKEPPNISMÁL Ríkisútvarpið birti auglýsingu í Fréttablaðinu á mánudag um uppsafnaða útvarpshlustun með brengluðu skífuriti sem sýndi hlut útvarpsstöðva RÚV mun meiri en hann var í raun og veru. Þetta er í annað sinn á stuttum tíma sem þetta gerist, þrátt fyrir að athugasemd hafi verið gerð við það í fyrra skiptið.


Pétur Pétursson, framkvæmdastjóri sölusviðs 365, segir þetta sýna að RÚV haldi fram ítrekuðum rangfærslum með brengluðum myndlýsingum sem ýkja hlutdeild þeirra á kostnað annarra miðla.



ÞORSTEINN ÞORSTEINSSON

PÉTUR PÉTURSSON

Þorsteinn Þorsteinsson, markaðsstjóri RÚV, sagði að um mistök óreynds myndvinnslumanns hefði verið að ræða og að auglýsingin yrði leiðrétt hið snarasta. Það var sem við manninn mælt,




RANGT SKÍFURIT

að daginn eftir samtal Þorsteins við blaðamann birtist auglýsingin í Fréttablaðinu, þá leiðrétt.

ÚTVARPSHLUSTUN

Aðrar stöðvar 6%



SKÍFURITID EINS OG ÞAD Á AÐ VERA

Rétt er að taka fram að Fréttablaðið er í eigu 365.

- sh

Íslenski hesturinn eftirsóttur: Hestasala eykst

HESTAR Hrossakaupmenn sjá mikla breytingu á sölu hrossa eftir fall krónunnar síðustu mánuði. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.

Íslenski hesturinn hefur lengi verið eftirsóttur meðal erlendra kaupenda og hefur fjöldinn allur af íslenskum gæðingum verið seldur til Evrópu síðustu ár. Að sögn Hinriks Bragasonar hestamanns og hrossakaupmanns hafa um 1.500 hross verið seld úr landi síðustu ár. Hinrik segir sösluna hafa stóraukist að undanförunu og að skýringuna megi rekja til gengisfalls krónunnar.

- stp

HEILBRIGÐISMÁL

Salmonellufaraldur

Tala sýkra af salmonellu af völdum tómatu í Bandaríkjunum fer hækkandi. Yfirvöld tilkynntu í gær að 943 manns hefðu sýkst síðan í apríl.

Ásmundur Jóhannsson heldur áfram að róa:

Fékk Gæsluþyrluna í heimsókn á sjóinn

FÓLK Ásmundur Jóhannsson sjómaður fékk þyrlu Landhelgisgæslunnar í heimsókn á miðin í gær. Ásmundur stendur í deilu við yfirvöld vegna nýlegrar ályktunar mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna þar sem kvótakerfið var fordæmt. Í mótmælaskyni við nágildandi kvótakerfi hefur hann verið að veiða án veiðheimilda.

„Ég var um tuttugu sjómíllur norðvestur af Sandgerði þegar þeir komu þarna á þyrlunni,“ sagði Ásmundur í samtali við Fréttablaðið í gær. „Þeir sveimdu þarna í kringum mig og sjórinn úðaðist yfir mig. Ég var að hugsa um að

setjast bara inn í stýrishús og loka að mér.“

Hann segir leikinn til þess gerðan að hræða hann. „Ég held þeir hafi verið að reyna að ógna mér,“ sagði Ásmundur, hvergi banginn. Hann bætir því við hann hann hafi ekki ætlað sér í land í gær því ekki sé hægt að landa í Sandgerði um helg.

Hjá Landhelgisgæslunni var fát um svör, þar sagði starfsmaður stjórnstöðvar að þeim væri óheimilt að ræða þau mál sem lögju inni á borði hjá þeim.

- hbj



ÁSMUNDUR JÓHANNESSON



ÚR HÚSASMIÐJUNNI Verslanir eru almennt í aðhaldsaðgerðum og reyna að minnka vörubirgðir á lager. Sala hefur dottið niður, meira en á sama tíma í fyrra. Verð hefur hækkað en Þórunn Birgir Bogason, framkvæmdastjóri í Parket og gólf, segir að gengisbreytingar hafi ekki komið að fullu fram enn.

Sala dregist saman á örfáum vikum

Byggingaverslanir hafa fundið greinilega fyrir samdrætti síðustu vikur. Dregið hefur úr innflutningi en gengisbreytingar eru þó ekki komnar fram að fullu. Umræðan í viðskiptalífnum svört, að mati forstjóra.

EFNAHAGSMÁL Sala hefur dregist verulega saman síðustu vikur í byggingavörverslunum og verslunum með innréttingar og gólfefni vegna samdráttar í efnahagslífinu. Salan er minni en á sama tíma í fyrra, að sögn Þórunn Birgis Bogasonar, framkvæmdastjóra Parket og gólf. Verslanir eru almennt í aðhaldsaðgerðum og reyna að draga úr magni af vörum á lager.

Steinn Logi Björnsson, forstjóri Húsasmiðjunnar, segir að hratt hafi dregið úr innflutningi á byggingavörum síðustu vikurnar. „Það hefur dregið úr sölu í magni en hinsvegar hafa orðið miklar verðhækkningar á sumum vörum, sérstaklega stáli og timbri, út af verðhækkunum úti í heimi og gengisbreytingum. Salan hefur því ekki minnkað í krónum talið,“ segir hann.

Dregið hefur úr framkvæmdum og framkvæmdahraða, sérstaklega í byggingu íbúða og margir hafa hætt við að byggja eða stöðvað verk. Ótti er í fólk, að sögn Steins Loga, og margir hræddir um vinnu sína. Steinn Logi segir að umræðan í viðskiptalífnum sé „miklu þyngri en almennt á meðal almennings þó að hún sé slæm þar“. Hann kveðst aldrei hafa heyrt hana jafn svarta.

Þórunn Birgir segir samdráttinn hafi byrjað eftir að krónan veiktist. Vörur séu orðnar miklu dýrari og það hafi gerst á skömmum



STEINN LOGI BJÖRNSSON

tíma. Verslanirnar geti ekki hleypt svo ört hækkandi gengi út í verðlagið í einu veffangi og því séu verðhækkningar að hluta komnar fram. „Menn veigra sér við að hækka verðið ört, það er erfitt markaðslega,“ segir hann.

Valur Valsson, sölustjóri hjá Agli Árnasyni, segir fyrirtækið hafa fundið fyrir samdrætti þennan mánuðinn en einnig hafi borið á því í maí. „Þetta er ekkert einisdæmi hjá okkur, þetta gildir heilt yfir í þessum geira, það er alveg greinilegt,“ segir hann.

Egill Arnason hefur farið í aðhaldsaðgerðir, skorið niður kostnað og minnkað lager því mikil verðmæti geta legið þar. Hjalti Már Bjarnason, forstjóri Mest, segist finna fyrir því að kreppan hafi slæm áhrif. Eftirspurn fari minnkandi og erfiðara sé að fá greitt. Mest hafi verið að draga saman seglin í smávörnunni en ytra umhverfið hafi heilmikil áhrif og því fylgi sársaukafullar aðgerðir. Hann vill þó ekki segja hvort uppsagnir geti verið fram undan, efnahagsþróunin stýri því.

ghs@frettabladid.is

ADRO™

opnar þér nýjar víddir

Í fyrsta skipti er þægilegur hljómur og afburða talgreining sameinuð í einu tæki með hinni einstöku **ADRO** tækni. Hljóðið sem berst þér er ekki lengur þjappað og líflaust heldur vítt og breytilegt. Komdu og kynntu þér málið!

- Öll þjónusta við heyrnartækjanotendur
- Ókeypis heyrnarmælingar, heyrnartæki
- Ráðgjöf, viðgerðarþjónusta, tæknilausnir
- Starfsfólk með áratuga reynslu

ATHUGIÐ!
Tryggingastofnun tekur þátt í greiðslu heyrnartækja.

HEYRNARSTÖÐIN



Læknastöðin, Kringlunni • Tímá pantanir frá 9-18 í síma 568 7777 • www.heyrnarstodin.is

FJÖLSTILLANLEG HEILSURÍM



TILBOÐ!
Pablo
 Fjölstillanlegt þýskt
 heilsurím með heilsudýnu
 (2x80x200)
kr. 315.000

TILBOÐ!
Francisco
 Fjölstillanlegt þýskt
 heilsurím með heilsudýnu
 (2x90x200)
kr. 499.000



EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF SVEFNSÓFUM



COMFORT solutions
 By King Koil®

Amerískar heilsudýnur
 (Queen size 153x203)
Frá kr. 99.000

AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆDAFLOKKI.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknasamtök kíropraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).



**MIKID ÚRVAL FJÖLSTILLANLEGRA
 RAFSTÝRÐRA HEILSURÚMA
 FRÁ ÞÝSKALANDI OG USA**



S Cape Wallhugger mest seldi ameríski stillibotn í heimi með heilsudýnum frá King Koil

rekkjan

H E I L S U R Í M



PÁTTAKANDI Í GAY PRIDE-GÖNGU Í KÖLN STILLIR SÉR UPP FYRIR MYNDATÖKU Þúsundir samkynhneigðra einstaklinga gengu um götur Kölnar í gær til að mótmæla mismunun.

NORDICPHOTOS/AFP

Biðlistar vegna hjartapræðinga hefur styst til muna á einu ári:

Sjúklingar bíða skemur en áður

HEILBRIGÐISMÁL Sjúklingar bíða nú skemur eftir aðgerðum á sjúkrahúsum en þeir gerðu fyrir ári. Bið eftir hjartapræðingu hefur styst hvað mest en bið eftir gerviliða-aðgerðum í hnjúm er eini biðlistinn sem lengist svo nokkru nemur.

Þetta kemur fram í tölum sem landlækniseimbættið hefur tekið saman og miðast við 1. júní. Samanburður er gerður á biðtíma í febrúar á þessu ári og 1. júní í fyrra.

Þegar tölur um bið eftir hjartapræðingu eru skoðaðar kemur í ljós að nú bíða 184 einstaklingar en á sama tíma í fyrra bíðu 235 einstaklingar. Þeim sem hafa beiðið



Í AÐGERÐ Gerviliðaaðgerðum fjölga jafnt og þétt. Biðlistinn eftir slíkum aðgerðum er eini biðlistinn sem lengist.

lengur en í þrjá mánuði hefur fækkað úr 119 í 61 einstakling. Í bráðatilkvikum er engin bið.

Aðrir biðlistar sem halda áfram að stytast eru biðlistinn á háls-

nef- og eyrnadeild og listi lýtalækningadeilda vegna brjóstaminnkunar-araðgerða. Þar er ekki um lýtaaðgerðir að ræða heldur aðgerðir vegna álagseinkenna sem konur hafa af mjög stórum brjóstum.

Allstór hópur fólks bíður eftir aðgerð vegna skýs á auga en búast má við að sá biðlisti fari að stytast þar sem nýverið hefur verið samið við augnlæknastofur.

Gerviliðaaðgerðum fjölga jafnt og þétt, annars vegar vegna þess að þjóðin þyngist og aðgerðirnar verða sífellt öruggari. Biðlistinn eftir þessum aðgerðum er eini biðlistinn sem lengist, að sögn heilbrigðisráðuneytisins.

- ghs

Lögreglurannsókn í Noregi:

Siemens sektað fyrir spillingu

NOREGUR, AP Efnahagsbrotadeild norskur lögreglunnar hefur lokið rannsókn á meintri spillingu við gerð varnarmálasamninga í Noregi. Ákveðið var að sekta þýska fyrirtækið Siemens um jafnvirði rúmlega þrjátíu milljóna króna.

Lögreglan sakar Siemens um að hafa haft „óviðeigandi áhrif“ með því að hafa að miklu leyti greitt fyrir golfferð þriggja norskra hershöfðingja til Spánar árið 2004. Hershöfðingjarnir voru í aðstöðu til að hafa áhrif á gerð hergagnasamninga.

Lögmaður Siemens segir að ákvörðuninni verði að líkindum áfrýjað til dómstóla.

- gh

LÖGREGLUFRETTIR

Fjöldaslagsmál í Öskjuhlíð

Fjöldaslagsmál brutust út fyrir utan Keiluhöllina í Öskjuhlíð í fyrrinótt. Átta Litháar slógust með þeim afleiðingum að einn var fluttur á slysadeild með höfuðáverka og brotnar tennur. Hinir sjö voru handteknir og færðir í fangageymslur.

Gúmmibátur brenndur

Leifar gúmmibáts sem brann til kaldra kola í fyrrinótt fundust við Ræktunarsstöðina við Nýbýlaveg í gærmorgun. Grunur leikur á að um íkveikju hafi verið að ræða.

Stöðvaður á hlaupum

Ökumaður ók gegn rauðu ljósi í Hafnarfirði í fyrrinótt í tilraun til að sleppa frá lögreglu. Eftir að lögreglu tókst að stöðva hann við Víðberg reyndi hann að komast undan á hlaupum en var stöðvaður og fluttur á lögreglustöð. Hann var sviptur ökuréttindum.

ÚTIVIST

Strandlengjan lítið menguð

Lítill mengun er við fjórum Reykjavíkur og þær því öruggar til útivistar. Öll sýni sem tekin voru við strandlengju borgarinnar voru innan viðmiðunarmarka fyrir skólpmengun.

HÚSNÆÐISMÁL

Nýjar stúdentaíbúðir rísa

Félagsstofnun stúdenta verður úthlut- að byggingarrétti fyrir námsmannabúðir við Skógarveg. Borgarráð samþykkti tillögu þessa efnis á fundi sínum í fyrradag.

FRÉTTASKÝRING: Vopnuð barátta FARC-uppreisnarsamtakanna

Björgunin minnti á atriði í hasarmynd

Vinstrisinnaðu uppreisnarsamtökin FARC hafa í meira en fjóra áratugi háð vopnaða baráttu við kólumbísk stjórnvöld sem kostað hefur tugi þúsunda mannlífa. Þau standa nú veik að vígi eftir árásir kólumbíska hersins og liðsmönnum fækkar.

Síðasta alvarlega áfallið fyrir samtökin reid yfir 2. júlí þegar kólumbískir hermenn frelsuðu fransk-kólumbíska stjórnámanninn Ingrid Betancourt ásamt fjórtán öðrum, þar á meðal þremur bandarískum hernaðarverktökum, úr klóm samtakanna.

„Hollywood“-björgun

Björgunin líktist atriði úr Hollywood-kvikmynd. Skæruliðarnir sem héldu gíslunum voru plataðir til að koma með þá að þylru hersins. Þar bíðu hermenn í gervi meðlima hjálparstofnunar, fréttamanna og skæruliða. Þeir höfðu sannfært skæruliðana um að þeir væru á vegum FARC og flytja ætti gíslana annað. Þegar af stað var flogið voru skæruliðarnir yfirbugaðir og gíslunum tilkynnt að þeir væru frjálsir.

Sálræn áhrif björgunarinnar eru líklega enn meiri en þegar þrír leiðtogar FARC dóu í mars. Herforinginn Raúl Reyes var drepinn í árás kólumbíska hersins á bæki- stöð skæruliða í Ekvador. Annar herforingi var drepinn af eigin lífverði. Stofnandi og æðsti leiðtogi samtakanna, Manuel Marulanda, dó að líkindum úr hjartaáfalli.

Hnignandi samtök

FARC voru stofnuð árið 1964 sem hernaðararmur Kommúnistaflokks Kólumbíu. Samtökin skildust frá Kommúnistaflokknum á níunda áratugnum þegar áhersla þeirra tók að færast frá pólitíkinni yfir á glæpastarfsemi, einkum fíkniefnasölu og mannrán. Mörg ríki, þar á meðal Kólumbía, Bandaríkin og ríki Evrópusambandsins, skilgreina FARC sem hryðjuverkasamtök.

Vinstrisinnaðir þjóðarleiðtogar í Suður-Ameríku, einkum Hugo Chavez frá Venesúla, hafa reynt að miðla málum milli FARC og kólumbískra stjórnvalda. En stjórn Alvaro Uribe Kólumbíuforseta hefur rekið harða stefnu gegn FARC.

Stefnan virðist bera árangur. Frá árinu 2002 hefur liðsmönnum samtakanna fækkað úr sextán þúsund í níu þúsund og fækkar enn. Yfir sex hundruð uppreisnarmenn hafa verið drepnir á þessu ári. Stjórnvöld bjóða liðsmönnum fúlgur fjár fyrir að ganga til liðs við

Djörf björgun reidarslag fyrir FARC

Kólumbískir hermenn frelsuðu fransk-kólumbíska stjórnámanninn Ingrid Betancourt ásamt fjórtán öðrum, þar á meðal þrem bandarískum hernaðarverktökum, úr klóm uppreisnarsamtakanna FARC.



1. mars 2008: Kólumbískar sveitir drepa FARC-foringann **Raúl Reyes** ásamt fimmtán öðrum í árás á bæki- stöð uppreisnarmanna í Ekvador. **26. mars:** Leiðtogi FARC, **Manuel Marulanda**, lætur lífið, líklega af völdum hjartaáfalls.

© GRAPHIC NEWS

FRÉTTABLAÐIÐ/AF



INGRID BETANCOURT Fagnar frelsinu ásamt börnum sínum eftir björgunina.

sig og talið er að þau eigi marga uppljóstrara í röðum samtakanna.

Stuðningur Bandaríkjanna

Bandaríkin hafa stutt dyggilega við kólumbíska herinn. „Kólumbíu-áætlaninni“ var hrundið af stað árið 1999 til að stöðva streymi kókaíns frá Kólumbíu til Bandaríkjanna. Bandaríkin hafa eytt milljörðum dala í áætlunina sem hefur lítil áhrif haft á kókaín- streymið, en hefur á hinn bóginn styrkt mjög kólumbíska herinn.

Hundruð enn í haldi

FARC eru enn með hundruð gísla í

haldi, en Betancourt var sá verðmætasti. Henni var rænt meðan hún atti kappi við Uribe í kólumbísku forsetakosningunum árið 2002.

Líklegt er að veiking FARC muni neyða þau í viðræður við kólumbísk stjórnvöld. Hugsanlega gæti lausn á átökunum, sem hafa rekið þrjár milljónir manna frá heimilum sínum, loks verið í sjónmáli.



FRÉTTASKÝRING

GUNNLAUGUR HELGASON
gunnlaugurh@frettabladid.is

Hressing í bolla frá Knorr



Sögur og sagnir í Elliðaárdal

Gengið ofan Árbæjarstíflu. Þriðjudagskvöldið 8. júlí verður farin göngu- og fræðsluferð í Elliðaárdal undir leiðsögn Stefáns Pálssonar sagnfræðings. Dalurinn á sér merka sögu allt frá komu Ketilbjarnar



• Austurbæjarskólinn var fyrsta húsið með hitaveitu í Reykjavík.

www.or.is

Ég mæli hiklaust með

IQ-CARE

Eftir að ég fékk mér IQ-CARE
hef ég ekki fundið til í bakinu!

Sölvi Fannar Viðarsson
Framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar



SUMARTILBOÐ



Stillanleg rúm með okkar bestu
IQ-CARE heilsudýnu

Multimemo	Verð áður	Tilboð
120x200	269.900	179.900
160x200	389.900	239.900
180x200	409.900	249.900
Swissflex 145	Verð áður	Tilboð
160x200	299.900	169.900
180x200	309.900	179.900



COE leðurrúmstæði

fyrir dýnu-stærð 160x200
Tilboð **76.930** Verð áður 109.900

40-50% afsláttur af völdum
svefnherbergishúsgögnum

Chiropractic Luxury á tilboði

Queen 153x203 með botni og fótum

Tilboð **181.300**

Verð áður 289.000



Takmarkað magn



AKUREYRI



REYKJAVÍK

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 14:00

www.svefn.is

Sex ár liðin frá skýrslu hnattvæðingarnefndar:

Herkostnaðurinn af krónunni

BJÖRN INGI HRAFNSSON SKRIFAR

Þegar frá líður munu sagnfræðingar vafalaust rekast á margt hnýsilegt úr fortíðinni. Henda gaman að bölsýnisþám sem aldrei rættust, draga dár að bjartsýnitali sem engin innistæða reyndist fyrir. Af og til munu þeir einnig vafalaust rekast á texta sem sýnist hafa ræst í öllum meginatriðum og ber þess glöggt vitni að höfundar hans hafi haft sýn á framtíðina og eitthvert vit á viðfangsefninu.

Á árunum 2001 og 2002 starfaði hér á landi svonefnd hnattvæðingarnefnd í umboði utanríkisráðherra. Þórður Friðjónsson, fyrrverandi forstjóri Þjóðhagsstofnunar, var formaður hennar, en aðrir í nefndinni voru þau Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, Guðbrandur Sigurðsson, forstjóri Útgerðarfélag Akureyrar, Grétar Már Sigurðsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu, Páll Sigurjónsson, formaður stjórnar Útflutningsráðs, Rannveig Rist, forstjóri Íslenska álfélagsins, Runólfur Smári Steinþórsson, dósent við Háskóla Íslands, Sigurður Einarsson, forstjóri Kaupþings og Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands.

Þetta einvalalið sendi frá sér gagnmerka skýrslu um Ísland í hnattvæðum heimi, sem afhent var Halldóri Ásgrímssyni í apríl 2002. Í henni var horft fram á veginn:

„Meginkosturinn við að hafa sjálfstæðan gjaldmiðil er að breytingar á gengi hans geta auðveldað aðlögun að breyttum ytri aðstæðum. Meginókosturinn er á hinn bóginn að gengisfellingarmöguleikinn getur dregið úr aga við hagstjórnina. Í löndum þar sem gengisfall vofir sífellt yfir er óhjákvæmilegt að innlendir vextir verði ævinlega hærrí en erlendir vextir og að vaxtamunurinn verði þeim mun meiri sem markaðsaðilar telji líkurnar á gengislækkun meiri. Á tímum frjálstra fjármagnsflutninga er ólíklegt að margfalt stærri gjaldeyrisforði en Seðlabankinn ræður nú yfir megnadó að sefa ótta manna við gengisfellingu og draga þar með úr vaxtamun.“

Og enn fremur: „Með hækkun erlendra skulda þjóðarinnar undanfarin ár hefur lækkun á gengi krónunnar kostnaðarsamari hliðaráhrif fyrir þjóðarþúið í heild en áður fyrr. Skuldaféttun í erlendri mynt hefur einkum verið á meðal einkaaðila og kemur gengislækkun skýrt fram í efnahagsreikningum fyrirtækja. Auknar skuldir heimila þýða einnig að gengislækkun hefur meiri áhrif á efnahag þeirra en áður. Lækkun gengis kemur fram í hækkun verðlags og stór hluti innlendra lána til heimila og fyrirtækja er verðtryggður.“

RAÐ- OG PARHÚS Nýlegt 159,0 fm ENDARADHÚS ásamt 24 fm innb. bílskúr, samtals 183,0 fm á frábærum útsýnisstað efst í ÁSLANDINU. Verð 49,4 millj. 7730



ERULÁS - EINBÝLI Á 1 HÆÐ Fallegt 194 fm einbýli á einni hæð með innb. bílskúr. Góð staðsetning og stórir pallar. Verð 62 millj. 7516



LINDARBERG - 2 SAMÞ. ÍBÚÐIR Fallegt 255 fm 2ja íbúða parhús/tvíbýli. Efri hæðin 173,4 fm með bílskúr. Neðri hæð 81 fm, ásamt 40 fm rými. Verð 74,0 millj. 7433



FJÓLUVELLIR Nýtt og fallegt 223,5 fm einbýlishús, þar af bílskúr 37,5 FM. Allt að 6 herbergi. Flott gólfefni og innréttingar. Sérlega flott og vandað hús. Verð 55,0 millj. 6202



STEEKJARHVAMMUR 183 fm RADHÚS á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. 4 svefnherb. Parket og flisar. Verð 43,5 millj. 7617



DREKAVELLIR - SKIPTI MÖGULEG Fallegt 183 fm einbýli á einni hæð ásamt 30 fm bílskúr, samtals 213,8 fm Skilast fullbúið að utan, rúmlega fokhelt að innan. LAUST STRAX. Verð 42,9 millj. 7351



STEEKJARHVAMMUR Fallegt mikjó endurnýjað 160 fm raðhús á tveimur hæðum, ásamt 25 fm innbyggðum bílskúr, samtals 185,2 fm 4 svefnherbergi. Verð 42,5 millj. 7496



IOI REYKJAVÍK
FASTEIGNASALA

Helgi Leifur Svavar Hrafnhildur

Leifur Aðalsteinsson, löggildur fasteignasali

Laugavegur 66 • IOI Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.ioi.is • IOI@IOI.is

Einbýli



Hjarðarland, Mosfellsbær. Mjög vel skipulagt 304,4fm einbýlishús á tveimur hæðum ásamt tvöföldum bílskúr. Aukaíbúð í kjallara. Efri hæð: Stofa, borðstofa, sjónvarpshol, eldhús, wc. Neðri hæð: 4 herbergi, baðherbergi, þvottahús, fataherbergi og ca:60fm íbúð sem er í leigu.V-62,9 millj. (5248)



Hringbraut. Mjög mikið endurnýjað 250,1fm einbýlishús með aukaíbúð í kj. Mjög glæsilegt hús með fallegum garði og bílskúr. Sjö svefnherbergi, þrjár stofur. Suðursvalir. Útgangur út á verönd frá borðstofu. V-69 millj. (5254)



Bergþórugata. Glæsilegt 232,9fm einbýlishús með aukaíbúð. HÚSIÐ VAR ENDURBYGGT 1984. Efri hæð: Stofa, borðstofa, eldhús og sjónvarpshol. Neðri hæð: Forstofa hol, baðherb., 4 herb., þv.hús, geymsla í kj. 2 herb.aukaíbúð.Hagastætt lán getur fylgt upp á 27 millj.(5113)



Blómvangur, Hafnarfirði. Mjög gott 209,8fm 5 herb.einbýlishús á einni hæð með innbíl-skúr og nýjum garðskála út frá stofu. Eignin skiptist í: Forstofu, hol, stofu, borðstofu, eldhús, þvottahús, búr, wc, þrjú góð herbergi, sjónvarpsherbergi /herbergi, baðherbergi og bílskúr. (5142)



Fálkagata. Lítið einbýli. mikið endurnýjað að utan sem innan. Eignin skiptist í: Forstofu, baðherbergi, herbergi, stofu og eldhús ásamt lítilli geymslu. Húsið hefur allt verið endurnýjað á mjög glæsilegan hátt. V-22,9 millj. (5160)

Rað- og parhús



Egilsgrata. Miðbær. Mjög gott parhús á 3 hæð með aukaíbúð í kj. Aðalíbúð skiptist í: Forstofu, wc, hol, eldhús, borðstofu, stofu og efri hæðin í gang, 5 herbergi og baðherbergi. Í kj. er mjög falleg 2 herb.íbúð með sérinnngangi ásamt þvottahúsi í geymslu. Stór bílskúr. Fallegur garður. (5218)

Hæðir



Nýbýlavegur. 122,2fm 4ra herb. neðri sérhæð með sérinnngangi. Hæðin skiptist í. Forstofu, gang, 3 mjög góð svefnherbergi, stofu með útgengi á suðursvalir, baðherbergi og eldhús. Í kjallara er sameiginlegt þvottahús og sameiginleg geymsla. Á lóðinni er góður geymsluskúr. Bílskúrsréttur. V-29,9 millj. (5177)



Mávahlíð. Mjög góð 114,2fm 5 herb. íbúð með sérinnngangi + 28,fm bílskúr. Eignin skiptist í: Forstofu, hol, 2 stofur, 3 herbergi, eldhús, bað og geymslu. Svalir.Góð eign á vinsælum stað. V-33,9 millj. (5045)



Skaftahlíð. Stórglæsileg mikið endurnýjuð 150,5fm hæð með sérinnngangi ásamt 24,5fm bílskúr, samtals: 175,0fm. Eignin skiptist í: forstofu, gang, gestasalerni, þrjú svefnherbergi, stofa, borðstofa, eldhús og baðherbergi. Endurnýjað eldhús, bað, gólfefni og fleira. Suður svalir. V-52 millj.(5210)



Hátún. Glæsileg 169,5fm 6 herb.hæð og ris ásamt bílskúr. Eignin skiptist í: Forstofu, hol, stofu, borðstofu, eldhús, 2 baðherbergi og 4 svefnherbergi. Tvennar svalir. Mjög falleg eign á vinsælum stað.V-55 millj. (5206)

4ra herb



Hraunteigur. Mjög vel skipulögð 4 herb.íbúð í kj. með sérinnngangi. Eignin skiptist í: Forstofu, gang, eldhús, stofa og borðstofu með útgangi út á hellulagða verönd og þaðan út í garð, baðherbergi, þrjú herbergi og geymslu. Sam.þv.hús og hjóla og vagnageymsla. V.-24,9 millj. (5214)



Porláksgesli. Stórglæsileg 114,8fm íbúð á 3ju hæð (efstu) lyftuhúsi. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, borðstofu, eldhús, 3 herbergi, baðherbergi, þvottahús og geymslu. Mjög fallegar innréttingar og gólfefni. Stórar svalir. Sérstæði í bilageymslu. V. 31,7 millj.(5182)

3ja herb.



Rjúpnasalir Kóp. 94,fm 3herb.íbúð á jarðhæð með útgangi út á verönd. Íbúðin skiptist í forstofu / hol, tvö svefnherbergi, tölvuherbergi (geymslu), stofu, eldhús, baðherbergi, þvottaherb. og sér geymslu í kj. V-23,9 millj.(5078)



Vindás, Árbær. Góð 3 herb.íbúð á 3hæð. Eignin skiptist í:Forstofu, eldhús, borðstofu, stofu, 2 herbergi, baðherbergi, geymslu ásamt stæði í bíla-geymslu. Sam.þv.hús í kj. V- 22,9 millj. (5056)



Skúlagata.Björt og falleg 3ja herb.ergja íbúð á 1. hæð í góðu fjölbýli. Íbúðin skiptist í gang, 2 stofur (má auðveldlega nýta aðra stofuna sem svefnherbergi), svefnherbergi, eldhús, baðherbergi og sér geymslu í kjallara. Einnig er sameiginlegt þvottahús og hjóla-geymsla í kjallara. Verð 25 millj. (5285)



Melalind, Kópavogi.Gullfallegr 101,0fm 3ja herb. íbúð á 3 hæð (efstu) með glæsilegu útsýni. Eignin skiptist í: Hol, Gott eldhús með borðkrók, Stofu með útgangi út á svalir, 2 herbergi og gott baðherbergi með baðkari og sturtuklefa. Sérgeymsla og sam.hjóla og vagnageymsla. V-28,3 millj.(5252)



Öldugata. Stórglæsileg 91fm íbúð á efstu hæð á þessum vinsæla stað. Tvennar svalir. Einstakt útsýni til allra átta. Eignin skiptist í: Gang, eldhús, stofu, borðstofu/herbergi, hjónaherbergi, baðherbergi. Stór sérgeymsla. Hús og íbúð til fyriryndar. Svona eign kemur ekki oft í sölu. V-33,8 millj.(5215)

2ja herb.



Laugavegur. Vel skipulögð 49,1fm 2ja herb.íbúð á 2 hæð í bakhúsi. Eignin skiptist í: Eldhús, stofu, herbergi, baðherbergi og geymslu. Sam.þv.hús á jarðhæð.V-15,9 millj.(5186)

Pitt heimili á Spáni



Kaupið beint af byggingaraðila, það tryggir 10 ára ábyrgð fasteignar.

- ✓ Yfir 300 eignir á skrá.
- ✓ Íslensk þjónusta alla leið.
- ✓ 40 ára reynsla.
- ✓ www.bspain.com
- ✓ Frábært tilboð á 2 herbergja íbúðum í Jardín de Benidorm: (Var 164.000.- nú 130.000.-)
- ✓ Allt að 100% fjármögnun.
- ✓ Húsin eru staðsett 500 m frá strönd ekki langt frá Hotel Balí.
- ✓ Skilast með húsgögnum.
- ✓ Frábært útsýni yfir strandlengju Benidorm.
- ✓ Stutt í alla þjónustu.
- ✓ Bílskýli valkostur.
- ✓ Góðir útleigu möguleikar.
- ✓ Þjóðum einnig mörg önnur góð tilboð.



Njálsgata, Miðbær. Falleg 57fm 2ja herb. íbúð á jarðhæð með stórrí geymslu í kj. Eignin skiptist í: Forstofu, stofu, borðstofu, eldhús, herbergi og baðherbergi. Stór geymsla í kj. ásamt sam.þvottahúsi. V-17,5 millj. (5244)



Hörðaland, Fossvogur. Vel skipulögð 52,3fm 2herb.íbúð á jarðhæð með sérgarði. Eignin skiptist í: Gang með skápum, baðherbergi með baðkari, herbergi með skápum, eldhús, stofu og borðstofu og geymslu. Sam.þvottahús ásamt hjóla og vagnageymslu.V-16,9 millj. (5220)

Sumarbústaðir



Góður sumarþstaður við Norðurnes í Kjösarhreppi. Mikill trjágróður og fallegur staður. 43,9 fm. sumarþstaður og skiptist í rúmgóða stofu/borðstofu ásamt eldhúskrók, tvö svefnherbergi og baðherbergi með sturtu. Rafmang og vatn yfir sumartímann. Lóðin er ca: 2.500 fm og er leigulöð. Hægt er að fá lóðina keypta. Verið er að vinna að því að fá vatnsveitu allt árið og einnig stendur yfir leit að heitu vatni á svæðinu.Verð 10,9 millj.

Fiskakvísl. Mjög falleg og rúmgóð 63,5fm íbúð á 1. hæð í 6 íbúða fjölbýli. Eignin skiptist í: forstofu, eldhús, stofu/borðstofu, herbergi og baðherbergi. Parket og flisar á gólfum. Rúmgóð sérgeymsla í kj. Sam.þv.hús og þurrkerb., í kj. Sérbilastæði. Stórar flisalagðar vestur svalir. Gott útsýni. V-18,5 millj. (5233)

Atvinnuhúsnæði til leigu

Staðsetning	Stærð	Tegund húsnæðis
Austurstræti	70 fm	Skrifstofuhúsnæði.
Austurstræti	112 fm	Skrifstofuhúsnæði.
Ármúli	32 fm	Skrifstofuhúsnæði.
Bæjarlind	200 fm	Skrifstofuhúsnæði.
Bæjarlind	248 fm	Verslunarhúsnæði.
Bæjarlind	418 fm	Skrifstofuhúsnæði.
Ingólfstræti	140 fm	Skrifstofuhúsnæði.
Klapparstígur	94 fm	Skrifstofuhúsnæði.
Síðumúli	206 fm	Atvinnuhúsnæði.
Síðumúli	298 fm	Skrifstofuhúsnæði.
Síðumúli	207 fm	Atvinnuhúsnæði.
Skeifan	303 fm	Skrifstofuhúsnæði.
Skeifan	1250 fm	Verslunarhúsnæði.
Vagnhöfði	130 fm	Atvinnuhúsnæðið.

NAFNIÐ MITT: GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSDÓTTIR

Þykir vænt um nafnið

„Ég heiti eftir föðurorðum minni sem hét Guðfríður Lilja og var kaupkona. Hún var skírð eftir tveimur móður-systurum sínum, önnur þeirra hét Guðfríður og hin hét Lilja. Þær voru mjög elskaðar í sinni fjölskyldu en voru meðal þeirra sem fluttust til Ameríku á sínum tíma og til að minnast þeirra var amma skírð í höfuðið á þeim tveimur,“ útskýrir Guðfríður Lilja, varaþingmaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs í Suðvesturkjördæmi.

„Amma mín var alltaf kölluð Lilja og var með litla búð á Bergstaðastrætinu sem hét Liljubúð en þessi amma mín kenndi mér að tefla,“ segir Guðfríður Lilja en eins og margir vita var hún forseti Skáksambands Íslands í fjögur ár og er fyrsta og eina konan sem hefur gegnt því embætti. „Amma var

mér mikil fyrirmynd í lífinu, óskaplega sjálfstæð og flott kona,“ segir Guðfríður Lilja einlæg og bætir við: „Mér þykir mjög vænt um þetta nafn og amma var mér mjög mikilvæg og er enn, þrátt fyrir að hún sé dái.“

Þegar Guðfríður Lilja var lítil þótti henni nafnið dálítið skrítið og margir héldu að hún héti í raun Guðfríður. Með árunum fór henni þó að þykja vænt um nafnið. „Það er hins vegar misjafnt hvort ég er kölluð báðum nöfnunum eða bara Lilja eins og amma, en mér þykir vænt um þegar þau eru bæði sögð.“

GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSDÓTTIR
FORMAÐUR SKÁKSAMBANDS ÍSLANDS
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



VIÐEY Guðný Aradóttir mun kenna stafgöngu í Viðey á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stafganga í Viðey

Stafganga verður kennd í Viðey á morgun, þriðjudaginn 8. júlí. Um er að ræða þriðjudagsgöngu sem haldin er vikulega úti í eyjunni. Guðný Aradóttir stafgönguleiðbeinandi mun leiða gönguna sem er ókeypis og opin öllum. Stafganga er að verða nokkuð vinsæl íþrótt meðal Íslendinga sem vilja ganga sér til heilsubótar. Í þriðjudagsgöngunum lærir fólk að nota stafinn um leið og það hreyfir sig og nýtur fegurðarinnar í Viðey. Sigt er frá Skarfabakka klukkan 19.45 og mun gangan taka um tvær klukkustundir. Ferjufarið kostar 800 krónur fyrir fullorðna og 400 krónur fyrir börn frá sex til átján ára.



TÓNLEIKAR Hljómsveitin Mammút spilar á rokkhátíðinni Eistnaflugi sem haldin er helgina 10. til 13. júlí.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Rokk á Austurlandi

Rokkhátíðin Eistnaflug verður haldin í fjórða sinn í Egilsbúð í Neskaupstað helgina 10. til 13. júlí.

Yfir 20 hljómsveitir munu stíga á svið þetta árið og má þar nefna Mammút, Brain Police, sem er að spila í fyrsta sinn á Eistnaflugi, Ham, Ælu og þýsku þungarokks-hljómsveitina Contradiction. Á hátíðinni er séð fyrir öllu þannig að boðið verður upp á tvö tjalðsvæði, annað fyrir fjölskyldufólk og hitt fyrir fólk sem ætlar sér að sletta úr klaufunum.

Ókeypis er að tjalda á báðum stöðum. Allar frekari upplýsingar um dagskrá eða gistingu er hægt að nálgast á slóðinni www.eistnaflug.is.

Vertu velkomin í stærstu pottaverslun á Íslandi í dag



ATH.
Erum með 30 potta
í sýningarsal okkar.



Tilboð Skeljar
kr. 200.000,-



**Arctic Spas Kleppsvegur 152 Sími 554 7755
www.heitirpottar.is**

STUÐ MILLI STRÍÐA Fimir fingur

VIGDÍS PORMÓÐSDÓTTIR VILL FLEIRI DANSNÁMSKEIÐ



Fátt er betra fyrir sál og líkama en að dansa frá sér allt vit. Íslendingar hafa lengi verið heldur tregir til að dansa og eigum við okkur til að mynda engan flottan þjóðdans eins og flestar aðrar þjóðir. Þjóðin vaknaði þó rækilega til dansvitundar á tuttugustu öldinni og tók löður sveitt til við að stunda flestar þær tegundir af dansi sem heimurinn hefur upp á að bjóða. Nú er svo komið í höfuðborginni að auðvelt er að hafa upp á námskeiðum í framandi dónsum á borð við magadans og krump, en auk þess má ávallt treysta á fjöldann allan af

skólum sem bjóða dansþyrstu fólki upp á hefðbundnari dansa eins og djassballett og samkvæmisdansa. Enn hefur þó lítið borið á námskeiðahaldi í nýlegu dansæði sem flætt hefur yfir heiminn á undanförunum árum, en námskeiðaskortur þessi gefur til kynna að æðið hafi enn ekki almennilega náð Íslandsströndum. Þessi nýstárlegi dansstíll kallast fingradans og má sjá mörg dæmi um hann á vefsíðunni YouTube. Nafn dansins er ekki villandi; fimir fingur flinkustu dansaranna hafa náð ótrúlega góðum tókum á dansstílum sem fram að þessu hafa ein skorðast við fætur. Vinsælasti dansstíllinn hjá fingradönsurum er tvímælalaust breik-

dans og er hreinlega með ólíkindum að sjá færna hjá mörgum dansaranna. Sumir ganga meira að segja svo langt að skreyta hönd sína með litlum strigaskóm og svitaböndum, þannig að andi síðastliðins nýfunda áratugar svífur ótvírætt yfir vötnum. En fingur hafa einnig náð góðum tókum á öðrum dansstílum, til að mynda klassískum ballett, Michael Jackson-dönsum og steppdansi svo eitthvað sé nefnt.

Það er næsta víst að til eru Íslendingar sem leggja stund á fingradans. Stóra spurningin er: hvers vegna eru þeir ekki farnir að bjóða upp á námskeið í þessari list? Þeir gætu grætt á, tja, í það minnsta fingri!

365

TILBOÐ TIL HLUTHAFA 365 HF.

Vegna fyrirhugaðrar afskráningar 365 hf. af skipulegum verðbréfamarkaði hefur stjórn félagsins ákveðið, með samþykki hluthafafundar þann 1. júlí 2008, að kaupa hluti þeirra hluthafa sem þess óska.

Hluthöfum 365 hf. er gert tilboð um að selja hlutabréf sín í félaginu á gengi 1,20 kr. fyrir hvern hlut í 365 hf. Tilboðið gildir til kl. 16.00 þann 11. júlí 2008. Tilboðið er gert þeim hluthöfum sem skráðir voru í hluthafaskrá félagsins kl. 11.00 þann 1. júlí 2008.

Hluthöfum gefst þó kostur á að vera áfram hluthafar í óskráðu félagi 365. Kauptilboðið er sett fram í því skyni að koma til móts við hluthafa félagsins og er það hverjum og einum hluthafa í sjálfsvald sett hvort hann samþykkir kauptilboðið. Ef hluthafi hefur ekki hug á að taka þátt í kauptilboðinu, þarf viðkomandi hluthafi ekki að aðhafast neitt, þar sem allir þeir sem taka ekki þátt í tilboðinu halda ósjáfrátt áfram sem hluthafar í óskráðu félagi 365.

Tilboðið er lagt fram á grundvelli nánari skilmála sem koma fram í bréfi sem sent hefur verið til allra hluthafa á skráð lögheimili þeirra. Í bréfinu eru einnig leiðbeiningar um tilboðið ásamt notandanafni og lykilorði, sem hluthafi verður að nota til að taka þátt í tilboðinu. Hluthafar sem hyggjast taka þátt í tilboðinu skulu lesa bréf sitt vandlega og fylgja þeim leiðbeiningum sem þar eru gefnar. Ef bréfið hefur ekki borist hluthafa þann 7. júlí 2008 skal hann hafa samband við 365 í síma 512 5000, þar sem einnig eru veittar allar aðrar upplýsingar um tilboðið.

Stjórn 365 hf.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli




■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



NÝJAR PLÖTUR

Fjórða plata hljómsveitarinnar JJ Soul Band er komin út á vegum útgáfunnar Hrynjandi en Zonet dreifir. Diskurinn geymir hljóðritanir frá 2007 og eru öll lögín eftir Ingva Þór Kormásson. Þetta er fjórða plata sveitarinnar sem er kunn af tónleikum sínum og fyrri hljóðritunum sem er bræðingur af blúsuðum stefnum með ýmsum bragðtegundum en spilamenn bandsins eru færir í flestan sjó dægurtónlistar og bregða fyrir sig ýmsum stílum. Tólf lög eru á þessum nýja diskum sem ber heitið Bright Lights.



Take it outside heitir nýr geisladiskur sem Gunnar Waage hefur sent frá sér. Hann hefur að geyma fjórar



tónsmíðar Gunnars, tvær þeirra voru hljóðritaðar í lðnó, en við flutninginn nýtur Gunnar aðstoðar

Braga Bragasonar, Davíds Garfiel, Kristins Einarssonar, Jóhanns Ásmundssonar, Ólafs Kristjánssonar, Péturs Valgarðs Péturssonar, Ríkardóttur H. Friðrikssonar og Tonys Franklin. Höfundur gefur út.

Fagur dagur heitir nýr diskur sem geymir lög eftir Ragnar Kristin. Á honum eru tólf lög í flutningi söngv-ara og tónlistarmanna en útsetningar annast þau Dsintra



Erlíha og Viktor Ritovs en söngur er í höndum Egils Ólafssonar og Þuríðar Sigurðardóttur. Undirleik annast stór hópur íslenskra tónlistarmanna. Lög Ragnars eru samin við ýmis kvæði eftir skáld á borð við Jakobínu Johnson, Jón Hermannsson og lagahöfund. Útgefandi er Þingberg.

Þorsteinn Haukur Þorsteinsson hefur sent frá sér disk með átta tónsmíðum sem hann kallar Lofgjörð til þín.



Flytjendur eru höfundur og Gospelkór Vestfjarða undir stjórn Auðar Órnu Höskuldadóttur. Hljóðritun fór fram

í Ísafjarðarkirkju. Tónlist Þorsteins er trúarlegs eðlis. Höfundur gefur út.

Dekurhæðin
Sími 973-3737 - www.dekurhaedin.is

50 % afsláttur af öllum ljósakortum

Dekurhæðin
Svínasbraut 98
Aubær
Sími: 5773737

Sala á diskum dregst saman

Tölur voru birtar í fyrri viku um sölu á hljómdiskum í Bandaríkjunum og sýna svo ekki verður um villst að diskasala er að minnka. Frá miðju ári 2007 hefur salan minnkað um 11% og á sama tíma greina menn aukningu í niðurhali. Samkvæmt mælingu Nielsen voru seld rúm 206 milljón eintök frá áramótum til loka júní.

Geisladiskar seljast minna en áður sem nemur 16% og kenna menn vestra um lokun á stórum keðjum hljómplötuverslana. Stafræn sala á heilum skrá af diskum eykst verulega: um 34% í 31,6 eintök sem er 15,5% af allri diskasölu. Þá eykst sala á stökum lögum enn, hækkar um 30% eða 125,4 milljón eintök. Það eru stóru fyrirtækin sem eiga stærstan hlut af allri plötusölu í Ameríku: Universal Music Group



með 31,2%, Sony BMG með 25%, Warner Music Group með 20,9% og EMI með 9,1%. Svokallaðir sjálfstæðir útgefendur eða „indies“ eiga 13,9% markaðshlutdeild. Universal er með söluhæstu plötturnar: The Carter III með Lil Wayne seldist í 1,5 milljónum eintaka, Sleep Through the Static með Jack Johnson í 1,2 milljónum eintaka og E=MC² með Maríu Carey í 1,1 milljón eintaka.

Til samanburðar má nefna að Hard Candy Madonnu seldist í 570.000 eintaka og nýtt safn þeirra Coldplay-píla, Viva La Vida í 971.000 eintökum. Sala á vínýl-útgáfum eykst verulega: 803.000 eintök hafa selst það sem af er þessu ári, en í fyrra voru þau 454.000.

- pbb

HLJÓMPLÖTUR Madonna er hálf-drættingur á við Maríu Carey.



Viltu taka daginn snemma í sumar?

Erum að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana.

Hafðu samband við dreifingar-deild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að fylla út umsókn á www.posthusid.is



Hefur gæðin

HYUNDAI *i10*
Lítill og sætur
Sparneytinn og rúmgóður



- *i10* er 5 dyra smábíll fyrir fjölskyldur
- *i10* er eyðslugrannur
- *i10* er á hagstæðu verði
- *i10* getur lagt frítt í stæði í miðborginni
- *i10* er einn rúmbesti bíllinn í sínum flokki

Hyundai i10
5 dyra, bensín og beinskíptur.
1.740.000

LOKSINS ER KOMINN SMÁBÍLL FYRIR ÞÁ SEM HUGSA AF SKYNSEMI

Hann er smábíll, en samt furðu rúmgóður. Hann er sparneytinn, en samt snar í snúningum. Hann mengar lítið og fær því frítt í bílastæði í miðborg Reykjavíkur. En umfram allt er þetta flottur bíll á flottu verði. Skynsamlegur kostur í þessu árfæri. Hann hentar líka öllum. Hann er nógu stór fyrir fjölskyldur með börn eða bara eldri hjón með golfsettinu í skottinu. Og hann er nógu sætur fyrir unga fólkið, sem er að festa kaup á sínum fyrsta bíl. **Lítu við hjá okkur í kaffi og kleinur og keyrðu hring á spánnýjum Hyundai i10 – hann bíður eftir þér.**



Með bílinn handa þér

HYUNDAI www.hyundai.is

> ENN VINIR

Í síðustu viku sást til söngkonunnar Lily Allen þar sem hún gekk hönd í hönd með sínum fyrrverandi, Ed Simons úr Chemical Brothers. Söngkonan og Ed áttu í stuttu sambandi sem endaði fyrr á árinu eftir að hún missti fóstur. Eftir fósturlátið varð Lily að eigin sögn mjög þunglynd og sökkta sér í vinnu sem fór að lokum með samband hennar og Eds. Þau virðast þó enn vera ágætir vinir ef marka má heimildir The Sun.



Jennifer Aniston og afbryðissöm

Jennifer Aniston meinaði Kimberly Stewart aðgang baksviðs fyrir tónleika Johns Mayer í Hyde Park á dögunum. Jennifer og John hafa átt í ástarsambandi síðustu vikur en Kimberly er fyrrverandi kærasta Johns. Heimildarmaður Daily Mirror sagði að Jennifer hafi brugðist ókvæða við þegar hún sá Kimberly baksviðs. „Jennifer spurði John hvað Kimberly væri að gera þarna. Hún vill ekki hafa neinn í kringum sig né John sem minnr

hana á hina villtu daga Johns. Hún er yfir sig ástfangin af honum en er hrædd um að verða særð aftur. Það hefur komið fyrir áður að kona steli manningum hennar, Angelina stal Brad, og Jennifer gæti ekki afborðið það ef það kæmi fyrir aftur,“ segir heimildarmaðurinn um málið.

Kimberly þessi er eins og margir vita dóttir rokkarans Rods Stewart og góð vinkona Parisar Hilton.



JENNIFER ANISTON
Hrædd um að missa kærastann.

fólk

folk@frettabladid.is

Dóttir Jóns Gnarr líkleg bakradda-söngkona Mercedes Club í Portúgal

Hljómsveitin Mercedes Club hélt áheyrnarprufur á Tunglinu á laugardaginn þar sem leitað var að nýrri bakraddasöngkonu. Rúmlega þrjátíu stúlkur mættu til leiks en valið stendur nú milli tveggja. Önnur þeirra er dóttir Jóns Gnarr.

„Þetta gekk mjög vel,“ segir Valgeir Magnússon, umboðsmaður Mercedes Club, um prufur fyrir hlutverk nýrrar bakraddasöngkonu sveitarinnar sem fóru fram á Tunglinu á laugardaginn. Fyrir helgi hafði Valgeir lýst eftir stúlkum „með fagran limaburð“ til þess að mæta í prufurnar. Því var lítið um íturvaxin kvenkyns hæfileikabúnt í prufunum. „Nei, við vorum nú búin að útiloka vissar týpur þegar við auglýstum eftir söngkonunni. Flestar sem mættu voru með útlitið í lagi en sumar höfðu útlitið en gátu bara alls ekki sungið. Þær þurfa að hafa hvort tveggja,“ segir Valli.

Stúlkurnar tvær sem standa eftir að prufunum loknum heita Bryndís Bjarnadóttir og Margrét Edda Jónsdóttir. Sú síðarnefnda er dóttir grínistans Jóns Gnarr.



DÓMNEFNDIN Pau Party-Hanz, Stóri og Rebekka sátu í dómnefnd. Party og Stóri skórtuðu þessum fínu kúrekahöttum enda var hljómsveitin að spila á Landsmóti hestamanna seinna um kvöldið.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUBUNN

„Hún kynnti sig sem Magga Edda og var ekkert að flagga faðerni sínu. Við vissum ekki að hún væri dóttir hans fyrr en eftir á þannig að hún komst áfram á eigin verðleikum og engu öðru,“ segir Valli ákveðinn. Jón Gnarr samdi textann við lagið Frelsi sem Mercedes Club gaf út á dögunum. Stúlkurnar gátu valið um að syngja Frelsi eða lagið I wanna touch you. „Magga Edda kunnir textann við Frelsi utan að, enda ekki við öðru að búast eftir á að hyggja,“ segir Valli og hlær. Stúlkurnar munu nú fara í frekari prufur hjá Barða Jóhannssyni. Um næstu helgi mun svo önnur þeirra, eða báðar tvær, stíga á svið með hljómsveitinni. Í Sjallanum á



MAGGA EDDA Magga Edda stóð upp úr ásamt Bryndísi Bjarnadóttur. Margrét er dóttir Jóns Gnarr en það vissi dómnefndin ekki þegar hún mætti í prufurnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUBUNN

föstudagskvöldið og á Blönduósi daginn eftir.

„Svo þarf að sérhanna galla á viðkomandi. Harpa Einars fer í

það. Ekki endilega efnislítinn, frekar framúrsteffulegan og vissulega aðsníðinn,“ segir Valli Sport.

solli@frettabladid.is



ÁSTFANGINN LEIKARI Orlando Bloom hefur sést mikið með fyrirsætunni Amöndu Kerr upp á síðkastið.

NORDICPHOTOS/GETTY

Ástin blómstrar hjá Orlando

Hjartaknúsarinn Orlando Bloom hefur sést æ oftar í fylgd með áströlsku fyrirsætunni Amöndu Kerr. Nýlega sást til parsins þar sem þau eyddu saman nokkrum sólardögum á Kanaríeyjum. Þaríð hefur enn ekki viðurkennt opinberlega að þau séu þar en þrátt fyrir það hefur Amanda kynnt Orlando fyrir föður sínum. Það er þó byrjun.

Sá er reynt hefur vörur þessar, notar ekki aðrar

VERTU MED ALLT Á TÆRU

LA SPORTIVA®

Sandstone

Sandstone skórnir frá LaSportiva® eru lágir fjölnota skór. Þeir unnu „The Gear of The Year“ verðlaunin 2007 hjá Outside Magazine fyrir framúrskarandi skó. Þeir eru úr vatnsfráhrindandi leðri og tungan andar vel. Skórnir eru með Vibram® veltisóla sem veitir gott grip og minnkar álag. Grjótvörn á tá.



VATNSHELT

66°
NORDUR



Rokk og rósir

Verslunin Rokk og rósir flutti sig nýlega um set og er nú til húsa nokkurn veginn gegnt Vegamótastíg. Þar úir og grúir af dýrindiskjólum, skyrtum, pílsum og bróderuðum peysum auk fylgihlutanna sem allar konur elska. **Laugavegi 12b.**



Spúútnik

Peir sem eitthvað hafa stundað second hand-búðirnar hér í borg hafa örugglega allir lagt leið sína í Spúútnik, enda hefur hún staðið í blóma árum saman. Bæði strákar og stelpur geta fundið eitthvað við sitt hæfi, sama hvort um ræðir buxur eða sundföt, nælur eða kuldaskó. Kílómarkaðurinn sem af og til skýtur upp kollinum hefur einnig verið vinsæll, enda aldrei leiðinlegt að kaupa fót eftir vigt. **Laugavegi 28b.**



Rauða kross-búðin

Í fataverslun Rauða krossins kennir ýmissa grasa. Fötin þar eru komin frá góðhjörtaðu fólki sem gefur þau frekar en að henda og eru seld til fjáröflunar fyrir samtökin. Verði er mjög stíllt í hof, en viðskiptavinir gætu þurft að hafa sig aðeins í frammí við að gramsa til að finna gersemarnar sem leynast oftar en ekki í hrúgunum. **Laugavegi 17.**

Mekka vintage-verslana er í Reykjavík

Vintage-verslanir virðast vera í uppsveiflu um allan heim enda hafa notuð fót ýmislegt til brunns að bera. Mekka secondhand-búðanna á Íslandi er að finna á Laugaveginum.

Vinsældir vintage-fatanna gætu átt sér margvíslegar ástæður. Bæði eru þau óneitanlega umhverfisvænni en fjöldaframleiddu bolirnar úr verslanaekkjum og þar að auki höfðar það til margra að eiga einstaka flik með sögu, frekar en kjól sem á sér mörg þúsund líka í veröldinni. Íslendingar virðast ekki vera undanskildir þessari þróun, en hér á landi er suðupunktur blómstrandi vintage-menningar að finna á Laugaveginum og í miðborg Reykjavíkur. Fréttablaðið setti saman uppskrift að fínustu fjársjóðsleit á Laugaveginum.

Enn meiri möguleikar

Þegar Laugaveginum lýkur er þó enn aðeins af vintage-paradisinni eftir. Þeir sem enn eru ekki orðnir örmagna í fingrum af gramsinu geta haldið í Garðastrætið, þar sem Hjálpræðisherinn selur notuð fót. Þó að gólfíð í Friðu frænku bókstaflega svigni undan alls kyns stofustássi leynist oftar en ekki slangur af kjólum, undirkjólum og tösukum inn á milli, svo þar er líka hægt að detta í lukkupottinn. Um helgar stendur Kolaportið svo alltaf fyrir sínu og Organmarkaðurinn, sem er opinn á föstudögum og laugardögum, hefur verið vinsæll í sumar. Þeir sem vilja halda enn lengra út fyrir mekka vintage-búðanna í höfuðborginni geta kíkt inn í útibú Spúútnik í Krínglunni, eða aðra verslun Rauða krossins á Strandgötu í Hafnarfirði. sunna@frettabladid.is



Glamúr

Næsta viðkoma væri aðeins neðar í götunni, þar sem verslunin Glamúr er nú til húsa. Þar er einungis að finna kvenfatnað, en þá nóg af honum. Innan um kjóla, píls, tösukur og skó leynast líka antik-kímonóar og vintage skartgripir. **Laugavegur 41.**



Foxy Gold

Sé gengið niður Laugaveginum í leit að notuðum djásnum er rétt að hefja leikinn í Foxy Gold, sem var opnuð um miðjan júnímánuð. Hún er til húsa að Laugavegi 83 og selur fót á bæði konur og karla. Stefnan er að velja vörurnar af kostgæfni og bjóða þannig upp á fatnað af vandaðri toganum. Það ætti því ekki að vera mikil þörf á að gramsa. **Laugavegur 83.**



Vintage

Þó að nafnið gefi annað til kynna selur Vintage bæði ný og notuð fót. Verslunin tók fyrstu skref sín sem uppboðssíða á Myspace, en var opnuð fyrir gestum og gangandi í húsnaðinu við Laugaveginum í lok maí. Þar er að finna glæsikjóra, nýjar gallabuxur, notaða hælaskó og nýja strigaskó í bland við ýmislegt annað. **Laugavegi 25, 2. hæð.**

Aftur ólétt

Fjölskyldan stækkar ört hjá Naomi Watts sem á nú von á sínu öðru barni, en leikkonan eignaðist sitt fyrsta barn, soninn Alexander, í júlí á síðasta ári með eiginmanni sínum Liev Schreiber.

Naomi sem er 39 ára gömul, hyggst taka sér frí frá kvikmyndaleik á meðan hún einbeitt sér að fjölskyldunni og ætlar ekki að taka að sér hlutverk næsta árið. Lengi vel óttaðist leikkonan að hún hefði byrjað of seint á barneignum vegna anna, en segist nú langa til að eignast tvö til þrjú börn í viðbót.



FJÖLSKYLDAN STÆKKAR Naomi Watts á von á sínu öðru barni, en það er aðeins ár síðan hún eignaðist soninn Alexander.

Söngfuglinn Rhys Ifans

Rhys Ifans er margt til lista lagt. Fyrir stuttu steig hann á svið með hljómsveit sinni The Peth, sem er velska og þýðir Hluturinn, og fékk hljómsveitin glimrandi góðar undirtektir. Rhys er þó enginn nýgræðingur í tónlistinni því hann var um stund söngvari hljómsveitarinnar Super Furry Animals. Það er vonandi að Rhys geti sungið sig í gegnum sambandslitin við Siennu.



RHYS IFANS

VAUDE

..... Hágæða tjöld

Góða nótt

VAUDE

..... Svefnpokar

Hljír og þægilegir

Mikið úrval af vönduðum svefnpokum

VAUDE

..... Tour 30

Þægilegur og rúmgóður

HEIMSRUMSÝNING **NÝTT Í BÍÓ!**

WILL SMITH
HANCOCK
 ÞAD ERU TIL HETJUR. ÞAD ERU TIL OFUÐHETJUR. OG ÞAD ERU TIL HOFUM VÍÐ...
 LÚXUS

FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA!
KUNG FU PANDA
 Jack Black sannar að hann er einn af fyndustu grínleikurumum í heiminum í dag.
 TOMMI - KVÍKMYNDIR IS

BIG STAN
 ÞAD ER KOMINN NÝR HROTTI Í FANGELSIÐ...AFMÍNNI GERÐINI!

HAPPENING
 -S.V., MEL

HULK
 Viggó, 2 Astundir

SEX AND THE CITY
 ÞAD FYNDASTA SEM SANDLER HEFUR GERT Í ROMAN ÁRATUG...
 TOMMI - KVÍKMYNDIR IS

ZOHAN
 ÞAD FYNDASTA SEM SANDLER HEFUR GERT Í ROMAN ÁRATUG...
 TOMMI - KVÍKMYNDIR IS

MEET BILL

INDIANA JONES 4

SMÁRRÁ BÍÓ	SÍMI 564 0000	REGNBÖGINN	SÍMI 551 9000		
HANCOCK D. HJÓÐ & MYND	kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10	12	650 kr.		
HANCOCK LÚXUS D. HJÓÐ & MYND	kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10	12			
KUNG FU PANDA D. HJÓÐ & MYND	kl. 3.45 - 5.50 ISL. TAL.		SUMARTILBOÐ		
BIG STAN	kl. 5.40 - 8 - 10.20	12			
THE INCREDIBLE HULK	kl. 5.30 - 8 - 10.30	12	THE INCREDIBLE HULK	kl. 5.30 - 8 - 10.30	12
ZOHAN	kl. 8 - 10.30	10	HAPPENING	kl. 8 - 10.10	16
			MEET BILL	kl. 5.50 - 8	7
			SEX AND THE CITY	kl. 7 - 10	14
			ZOHAN	kl. 5.30	10
			INDIANA JONES 4	kl. 10.20	12
HÁSKÓLA BÍÓ SÍMI 530 1919		BORGAR BÍÓ SÍMI 462 3500			
HANCOCK	kl. 6 - 8.30 - 10.30	12	HANCOCK	kl. 6 - 8 - 10	12
KUNG FU PANDA	kl. 6 - 8 - 10 BISKI TAL.		BIG STAN	kl. 8 - 10	7
BIG STAN	kl. 5.40 - 8 - 10.20	12	THE INCREDIBLE HULK	kl. 5.50	12
SEX AND THE CITY	kl. 6 - 9	14			

Nýtt í bíó **LAUGARÁS BÍÓ** Sími: 553 2075 - bara lúxus

HANCOCK
 ÞAD ERU TIL HETJUR. ÞAD ERU TIL OFUÐHETJUR. OG ÞAD ERU TIL HOFUM VÍÐ...

KUNG FU PANDA
 FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA!

WANTED
 WANTED

LAUGARÁS BÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

HANCOCK	kl. 4, 6, 8 (D) og 10 (D)	12
KUNG FU PANDA	kl. 4 (D) og 6 (D)	L
WANTED	kl. 8 og 10.10	16
NARNIA: PRINCE CASPIAN	kl. 4 og 7	7
SEX AND THE CITY	kl. 10	14

SAMBÍÓ SAMBIO.IS

KUNG FU PANDA
 FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA!

HANCOCK
 ÞAD ERU TIL HETJUR. ÞAD ERU TIL OFUÐHETJUR. OG ÞAD ERU TIL HOFUM VÍÐ...

ALFABAKKA	SELFLOSS				
KUNG FU PANDA m/isl. tali	kl. 4D - 6D DIGITAL	L	HANCOCK	kl. 8 - 10:10	12
KUNG FU PANDA m/isl. tali	kl. 4 - 6	VIP	KUNG FU PANDA m/isl. tali	kl. 8	L
KUNG FU PANDA M/ENSKU	kl. 4 - 6 - 8 - 10:10	L	WANTED	kl. 10:10	16
HANCOCK	kl. 4 - 6 - 8D - 10:10D	12	KUNG FU PANDA M/KEFLAVÍK	kl. 6	L
HANCOCK	kl. 8 - 10:10	VIP	WANTED	kl. 8 - 10	16
WANTED	kl. 5:30 - 8 - 10:20 - 10:40	16	NARNIA 2	kl. 6	7
NARNIA 2	kl. 5 - 8	7	THE BANK JOB	kl. 9	16
INDIANA JONES 4	kl. 8 - 10:20	12	KUNG FU PANDA M/KEFLAVÍK	kl. 8	L
WANTED DIGITAL	kl. 8:30D - 10:50D	16	HANCOCK	kl. 8 - 10	12
KUNG FU PANDA m/isl. tali	kl. 6:30D	L	INCREDIBLE HULK	kl. 10	12
NARNIA 2 DIGITAL	kl. 6D	7			
SEX AND THE CITY	kl. 6 - 9	14			
THE BANK JOB	kl. 9 - 11:10	16			

Stefnir á að mála tvö dýrustu málverk sögunnar

Ásgeir Valur Sigurðsson málaði myndina Stjána bláa og sýndi á samsýningunni List án landamæra á dögunum. Það vakti athygli að málverkið var sett á 400.000.000 Bandaríkjadali og hefði verið dýrasta málverk í heimi hefði það selst. Það gerðist ekki en Ásgeir seldi hins vegar aðrar myndir á viðráðanlegri verði.

Nú stefnir Ásgeir á enn dýrara málverk. „Ég byrja á þeirri mynd eftir tvo mánuði,“ segir hann. „Það er af einstaklingi sem ég nefni ekki fyrr en málverkinu af honum er lokið. Eftir það set ég stopp á að gera málverk á verði sem jafnvel hinir ríkustu hér á landi eiga erfitt með að ráða við. Þó verða allar listasýningar hjá mér með að minnsta kosti einni mynd sem er á ásættanlegu verði fyrir vellaðugt fólk.“

Ásgeir hefur áhyggjur af því að Bandaríkjadollurinn verði á næstunni skipt út fyrir mynteinguna Ameru. „Fari svo gæti ég neyðst til að gera 400.000.000 dalina að Amerum og ég hef ekki hugmynd um hvað það er mikið í íslenskum krónum. Bankastarfsmanneskja hjá Landsbanka hefur tjáð mér að 400.000.000 Bandaríkjadali sé upphæð sem tölvukerfi bankans geti ekki reiknað út í íslenskum krónum sökum þess hversu stór upphæðin er.“

Eigandi afþreyingarvæðinganna 2001 stakk upp á því við Ásgeir að hann þróaði að bjóða Stjána bláa á tvö hundruð þúsund krónum. „Ég svaraði til baka að ég gæti ekki gert mig af flíli og myndi aldrei setja



Ein mynd á hverri sýningu fyrir vellaðuga Ásgeir Valur við Stjána bláa. Hann málar nú enn dýrara málverk.

Stjána bláa á verð sem ég gæti ekki nýtt mér til lengri tíma,“ segir Ásgeir. Hann stefnir á að sýna í Leicester í Bretlandi á næsta ári og mun reyna að selja Stjána á uppsettu verði þar, annaðhvort í dollurum eða Ameru.

„Nú hef ég hafið gerð blekteikninga sem kosta á bilinu fimm hundruð til fimm þúsund íslenskar krónur,“ segir listamaðurinn að lokum.

gunnarh@frettabladid.is

Stórkostleg upplifun

Metal Gear Solid-serían hefur verið einn af burðarstólpum Playstation-merkisins frá byrjun. Með hverri nýrri Playstation-vél hefur Metal Gear Solid-leikur vanalega fylgt á eftir, og nú er engin undantekning þar á. Metal Gear Solid 4: Guns of the Patriots er ætlað að ljúka 20 ára langri og flókinni sögu Metal Gear. Í leiknum er sögð lokasaga klónsins Solid Snake og baráttu hans við að bjarga heiminum frá bróður sínum Liquid sem hefur sagt heiminum stríð á hendur og ætlar sér loksins að ná yfirhöndinni. Það er erfitt að ræða restina af sögunni án þess að fara út í að spilla sjónarspilinu sem leikurinn er.

Metal Gear Solid-leikirnir hafa oft stigið dansinn á milli þess að vera gagnvirk kvikmynd og tölvuleikur. Hideo Kojima, aðalhönnuður seríunnar, hefur einmitt rætt um það í viðtölum að áður en hann sneri sér að leikjagerð hafði hann hug á að gerast kvikmyndagerðarmaður og það sést vel þegar leikirnir sem hann hefur komið að eru spilaðir. Sögur leikjanna hafa vanalega verið mjög epískar og sterk saga hefur verið kjarni leikjanna. Í MGS4 er saga Solid Snake's og baráttu hans gerð mjög góð skil. Snake er fenginn til að koma til baka eftir nokkurra ára hlé og tíminn hefur ekki reynst honum góður. Klónunarferlið sem skapaði hann er hreinlega að ganga frá honum, hann er

orðinn gamall langt fyrir aldur fram og á ekki langt eftir kallinn.

Öll umgjörð leiksins er vægast sagt stórkostleg, það er ekki hægt að finna flottari leik á Playstation 3 eða á annarri leikjavél sem skartar bæði gullfallegri grafík og hljóm-gæðum. Að sjá leikinn fara í „cut scene“ og beint inn í spilun án neins munar í gæðum er ótrúlegt að sjá. Það er áberandi að Konami, útgefandi leiksins, hefur kostað miklu til að tryggja að þetta verði besti leikurinn í seríunni og hreinlega leikur sem muni selja vélar fyrir Sony-veldið. Miðað við hvernig viðtökur leikurinn hefur fengið bæði í sölu og gagnrýni bendir allt til þess að Sony-menn ættu að verða ánægðir þegar jólabónusinn verður greiddur út í ár.

Með leiknum fylgir Metal Gear Online, sem er netspilunartur leiksins. MGO styður 16 notendur í einu og býður upp á nokkrar mismunandi tegundir leikja. MGO virkar að mestu frábærlega og bætir upp MGS4 mjög vel. Það sem er hægt að kvarta yfir er óþarflega flókið kerfi við að skrá sig inn í fyrstu.

Leikurinn nær að vera það sem Metal Gear-aðdáendur hafa beðið eftir og um leið hvati fyrir fólk að fara út og versla Playstation 3-vél bara til að spila leikinn. Það sem er hægt að setja út á leikinn, er að fyrir fólk sem er að koma nýtt inn



TÖLVULEIKIR

Metal Gear Solid 4: Guns of the Patriots

Kominn út fyrir Playstation 3
 PEGI Merkingar: 18+ Upplýsingar um PEGI-merkingar má finna á www.saft.is.

★★★★★

Skýldeign fyrir alla PS3-eigendur og einn flottasti leikur ársins.

er sagan í flókna kantinum, svo það tekur sinn tíma að fatta hverjir allir eru og hvert hlutverk manns er. Einnig eru vídeóin lengri en fólk er vant. Að öðru leyti er erfitt að finna galla í svona finptúsaðri vöru.

Sveinn A. Gunnarsson



Atlas Endurhæfing

Eftirtaldir sjúkrapjálfarar hafa hafið störf hjá Atlasi Endurhæfingu, Engjavegi 6, 104 Reykjavík (við hliðina á Laugardalshöllinni).

Kolbrún Sól Ingólfssdóttir
 Hólmfríður B. Þorsteinsdóttir
 Pétur Einar Jónsson
 Róbert Magnússon
 Sandra Dögg Árnadóttir
 Sigrún Konráðsdóttir

lögg sjúkrapjálfi BSc.
 lögg sjúkrapjálfi BSc. MSc. Manual Therapy
 lögg sjúkrapjálfi BSc. DC of Naprapathy, MBA
 lögg sjúkrapjálfi BSc. MSc. Sérfræðingur í íþróttasjúkrapjálfunni
 lögg sjúkrapjálfi BSc.
 lögg sjúkrapjálfi BSc.

Atlas Endurhæfing sérhæfir sig í greiningu og meðhöndlun íþróttameiðsla og endurhæfingu verkjasjúklinga.
 Tímápananir í síma 552 66 00

Fáranlegasta djóbb í heimi

Mugison spilaði á Hróarskelduhátíðinni á föstudag. Hann var ánægður með tónleika sína þegar Kolbrún Björt Sigfúsdóttir náði tali af honum.



ROKKAD Á HRÓARSKELDU Mugison og hans menn stóðu fyrir sínu á föstudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/KOLBRÚN

„2005 var miklu meira eins og fyrsti kossinn, það var meiri upplifun fyrir mig persónulega. Það var meira eins og að fá adrenalínsprautu. Mér fannst vera tvö móment í dag þar sem ég kúkaði aðeins á mig en annars var restin bara drullufín,“ segir Mugison, Örn Elías Guðmundsson, eftir tónleika sína á Hróarskeldu. Blaðamaður gat ekki séð að hann hefði klúðrað neinu, en þrusugóð stemning var á tónleikunum.

Hvernig er það að fá fólk í þetta mikið stuð? „Það er svipað kannski og á áramótunum. Þegar eru börn og pabbinn kaupir fullt af raketum og þú færð að kveikja í þeim og finnst þú vera orðinn fullorðinn. Þú ert búinn að fá allt af mikið af kóki og kökum og svona. Maður fer á yfirsúning. Það er sú tilfinning sem gott „crowd“ gefur mér, maður verður bara ruglaður.“

Samskipti á sviðinu milli hljómsveitarmedlima voru áberandi. Er mikið ákveðið á staðnum? „Oft leyfi ég þeim ekki að vita hvaða röð við tökum lögin í og oft veit ég það ekki sjálfur. Við gerðum það reyndar ekki í dag. En það er oft skemmtilegast þegar maður fokkar í þeim. Þegar maður öskrar á þá að taka eitthvert lag sem þeir bjuggust ekki við og að ég vilji háan gítar í millikaflanum. Soldið djass eða þannig. Það heldur okkur á einhverju greddu-leveli.“

Hvaðan kemur greddan? „Þetta er náttúrliga fáranlegur hópur sem er í bandinu. Addi stjórnar þessu svoltið með tungunni á sér. Hann er örugglega með tuttugu metra skinku í kjaftinum. Það kveikir í okkur hinum. Bassa- og trommuleikarinn er með allt yða neglt og það stuðar okkur hina. Svo kemur Davíð úr djassheiminum með eitthvert maurasýru-element og öskur og drasl sem annaðhvort hræðir mann eða gerir mann bara graðan. Pétur er eins og ljósvíkingur, hann er engill sem lætur allt verða gott. Þetta er svoltið eins og Heroes-þættirnir, það eru allir með einhverja galdra.“

Hljómsveitin hefur verið á tónleikaferðalagi lengi. Hvernig er að vera án fjölskyldunnar? „Þetta er bara eins og að vera á sjó. Ég á annars fáranlega góða konu og fjölskyldu sem styður mig í þessu. Skype-ið hjálpar helling. En ég á eins og hálfis árs strák sem er

að gera alls konar nýja hluti og ég missi af því. Það er bömmen en ég vil ekkert vera að væla, þetta er fáranlegasta djóbb í heimi, að halda á gítar og lemja strengi og fá fólk til að öskra á sig. Þetta er skemmtileg vinna og ég er mjög heppinn maður.“

Tónleikar Mugison hafa tekið stakkaskiptum, frá því að Örn var einn með fullt af græjum og nú, þegar „rokkbandið ógurlega“ spilar með honum. Hvað veldur þessum hamskiptum? „Það sem lætur mig langa til að gera tónlist er tímaleysið þegar maður er að gera hana. Maður dettur í svona svarthol, gleymir algjörlega stund og stað. Og maður verður æstur í að gera það sem manni finnst spennandi. Þegar mér finnst ég vera að endurtaka mig þá verð ég alveg rosalega fúll. Þú getur örugglega fengið þrjú bindi af leiðindasögum frá konunni minni um þegar það gerist. Ástæðan fyrir því að ég er í þessu er þetta svarthol sem maður getur hoppað í.“

Hvaða ham tekur Mugison næst? „Ég er að vinna mjög mikið í elektrónískri tónlist núna. Er að vinna svoleiðis plötu til hliðar og er rosalega æstur í því eitthvað. Svo er fullt af öðrum hugmyndum, ég veit ekkert hvað ég geri næst. En ég verð að ögra sjálfum mér, halda mér góðum. Ef ég ætla að fá að vinna við þetta áfram þá verð ég að gera það af heilindum, fyrir sjálfan mig.“ Það er augljóst að Mugison er þreyttur, enda engin lygi að þeir spila frá sér lungu og lifur, og meira en það.

kolbruns@frettabladid.is

Hestaáhugamaðurinn

Konungurinn af Berlín, Helgi Björns, hefur lagst í það virðing-arverða ætlunarverk að taka upp fjórtán íslenskar hesta- og sveitavísur og klæða sem blúsi skotið kántrí.

Platan er hvalreki hestamanna og þeirra sem kunna að meta allt frá Pöpum til Geirmundar Valtýssonar. Við hin verðum, því miður, að láta ákveðna hluti fara í taugararnar á okkur.

Ríðum sem fjandinn, svo skemmti sér landinn, er að mörgu leyti ágætlega vel gerður gripur. Sérstaklega er gítarleikurinn fínn. Helgi kann að skemmta sér og öðrum og er í essinu sínu í flestum og-allir-með!-lögnum.

En ekki þegar hann syngur alvörubrunninn eða rómantískan texta. Þá heyrir ákveðin kántrí-vankunnátta, og rokkleti.

Það virkar til dæmis illa í laginu Blakkur, sem hefði getað orðið frábært lag, að teygja atkvæðin endalaust. Þar er „dvelst mér hjá-á-á“ látið ríma við „norðurfrá“. Líkt unglíngum í músíktílaunum. Stóðhesturinn, sem Jóhann Sigurðarson syngur, skýrir þetta óþægilega vel.

Músíktílauna er reyndar sárt saknað. Þannig er full ástæða til að skamma Helga Björns fyrir að



HELGI BJÖRNS Rokkarinn ástsæli á misjafna spretti á nýju plötunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



TÓNLIST

Ríðum sem fjandinn

Helgi Björns og reiðmenn vindanna

★★

Styrkleiki plötunnar er hugmyndin og hljóðfæraleikurinn. Tónlistin hljómar vel. En Helgi sjálfur er ekki nógu sannfærandi. Kannski vantaði leikstjóra í hljóðverið. Sum lögin, til dæmis Tígulás, er erfitt að hlusta á til enda. Helgi er samt sjarmerandi og sleppur því oft fyrir horn. Hársbreidd frá þriðju stjörnunni.

taka með í pakkann poppkánúr, eins og Ég sé um hestinn og Vegbúann, án þess að breyta þeim nokkuð að ráði. Síðarnefnda lagið er einn langur geispi. Enginn greiði gerður KK.

Góðar kántríráddir þurfa að ljúga því að söngvarinn hafi reynt eitthvað, svo við nennum að hlusta á söguna. Hann gæti verið graður og grimmur eða bara þunnur og dapur lúði, einn á sléttunni. En Helgi nær því ekki alveg að vera kúreki á þessari plötu. Hann er áhugamaður um hestarækt.

Börnin góð, hér vantar alla innlifun og ævintýramennsku; höfuðsynd kúreka. Annars bara alltilfær.

Klemens Ólafur Þrastarson

Maddid á artFart

Maddid Theatre Company rekur á fjórur landsins í lok sumars. Verk þeirra, Maddid, eða What now Maddid? verður sýnt á artFart. Vala Ómarsdóttir, sem er nýtskrifuð úr Central School of Speech and Drama, er ein þriggja stofnfélaga leikhópsins.

„Verkið er um stelpu sem heitir Maddid. Hún ber sig saman við annað fólk og reynir að fá það til að skilja hvað hún er að hugsa til að hún geti skilið sjálfa sig. Hún tjáir sig með hreyfingu, visual art og texta, en verkið er mikið um innri baráttu,“ sagði Vala.

Hún samdi verkið með tveim vinkonum sínum, Bretanum Islu Gray og Mari Rettedal frá Noregi. Fyrsta sýning á verkinu var fyrir ári í London en í kjölfarið fengu þær styrk til að þróa verkið. Ákveðið var að ferðast til heimalanda þeirra, en um næstu helgi ferðast Maddid að auki til Spánar á leiklistarhátíð, kemur til Íslands í ágúst og lendir í Noregi eftir júl.

„Núna erum við að prófa okkur áfram með að færa verkið yfir á íslensku. Ég er mjög spennt að sjá hvernig það breytir karakternum því hún er aldrei eins milli uppsetninga. Hún er verkið sjálft og það tekur alltaf breytingum.“

Spurð hvers vegna leikhópurinn valdi artFart sviðslistahátíðina til



SÍFELLT AÐ BREYFAST Maddid tekur breytingum við komu til landsins

MYND/BJARTE RETTEDAL

að frumsýna Maddid hér á landi sagði Vala: „Þau leggja áherslu á tilraunamennsku í sviðslistum og nýsköpun og ég frétti að hátíðin væri góð. Við vildum prófa að setja verkið upp á nýjum stað í nýrri menningu og það vildi svo til að artFart var að hjálpa listamönnum eins og okkur á þeim tíma sem við ætluðum að koma til landsins.“

ArtFart hefst í ágúst og þegar er útlit fyrir að hún verði sú umfangsmesta til þessa. - kbs

Ekki slæmt foreldri

Hin brjóstagóða Jordan og eiginmaður hennar unnu í vikunni mál sem þau höfðu á hendur tímaritinu News of the World. Tímaritið hafði birt grein þar sem Jordan og Peter Andre voru sökuð um að vera kærulausir foreldrar. Eftir réttarhöldin las Jordan upp fréttatilkynningu frá þeim hjónum þar sem þau segjast vera ástríkir foreldrar. „Við elskum börnin okkar og mundum gera hvað sem er fyrir þau. Allir þeir sem eiga börn geta rétt ímyndað sér hvað það er sárt að vera ranglega kallaður slæmt foreldri af fjölmiðlum,“ sagði Jordan í tilkynningunni. Tímaritið baðst




PETER OG JORDAN segjast vera góðir foreldrar. Þau eiga þrjú börn.

afsökunar á skrifum sínum og var einnig dæmt til að greiða hjónunum miskabætur fyrir ummælin.

ÚTIVISTARSÍMINN sem þorir og þolir




Flúðasiglingin var rosaleg, allt renniblotnaði en síminn virkadi.




Þekki þessi ekki neitt. Fannst þau bara svo ekta þýsk eitthvað.



Skemmtilegt sjónarhorn, Nanni skal aldrei komast með tænar þar sem ég hef hælana.




Þetta var frábær ferð og kjöbið ljúffengt.



30 mínúturnar áður en sá stóri tók.



Nanni þessu varla aftur, en það var gaman meðan á því stóð.



Á skiðum skemmti ég mér...



Blautasta Hróarskelduhátíðin hingað til, að utan sem innan.

Sætt.

Högg,- ryk- og rakavarinn (IP54) • VGA myndavél • Bluetooth Vasaljós • Stereo FM-útvarp • Innbyggður hátalari

Heildisúdræfing og þjónusta: Tæknivörur, Skútuvogi 12c



M110 fæst hjá Vodafone og Símanum, auk víðurkendra söluáðila um land allt



> Mikilvægir heimaleikir hjá botnliðunum

HK-ingar eru á botni Landsbankadeildar karla og þurfa nauðsynlega á sigri að halda þegar nýliðar Fjölnis koma í heimsókn á Kópavogsvöll í kvöld en leikurinn hefst kl. 20.00. ÍA er sem stendur í fallsæti ásamt HK en gæti með sigri gegn Grindavík komist upp að hlið Suðurnesjaliðsins en leikurinn fer fram á Skipaskaga og hefst kl. 19.15. Skagamennirnir Guðjón Þórðarson þjálfari, Bjarni Guðjónsson og Vjekoslav Svadumovic taka út leikbann í kvöld. Fylkismenn eru í harðri botnbaráttu eftir að hafa tapað fjórum leikjum í röð en þeir geta með sigri á Breiðablíki á Fylkisvelli komist upp að hlið Kópavogsvöllsins.



sport
sport@frettabladid.is

JÓHANN B. GUÐMUNDSSON: LÍKAR LÍFIÐ Í GAUTABORG EN VIÐURKENNIR AÐ HUGURINN REIKI HEIM Á KLAKANN

Enn ekkert búið að ákveða með framhaldið

Jóhann B. Guðmundsson er að leika sitt þriðja tímabil með GAIS í sænsku úrvalsdeildinni en hefur farið víða á ellefu ára löngum ferli sínum sem atvinnumaður í fótbolta. Jóhann yfirgaf herbúðir Keflvíkinga árið 1998 og hélt á vit ævintýranna hjá Watford á Englandi þar sem hann lék meðal annars níu leiki með liðinu í ensku úrvalsdeildinni tímabilið 1999-2000. Þaðan var förrinni heitið til Lyn í Norgegi árið 2001 og loks til Örgryte í Svíþjóð árið 2004 áður en hann fór til GAIS árið 2006. Á dögunum var Jóhann orðaður við endurkomu á heimaslóðir í Keflavík en miðjumaðurinn snjalli kvað ekkert ákveðið í þeim efnum.

„Þetta var nú bara þannig að Keflvíkingar hringdu út og tóku stöðuna á mér en samningur minn rennur út eftir yfirstandandi tímabil. Ég er satt best að segja ekkert enn búinn að ákveða hvað verður næsta skref hjá mér. Það er áhugi fyrir hendi hjá GAIS að ég framlengi samning minn við félagið en

það er ekkert í hendi með það að gera. Ég hef hins vegar lent í leiðinlegum meiðslum á þessari leiktið og hef ekki fengið að spila jafn mikið og ég var að vonast eftir og það kitlar því vissulega að koma heim og fá að spila,“ sagði Jóhann sem kvað málið þó vera talsvert flóknara en það að hann myndi hoppa upp í vél og klæða sig í leiktreyju Keflavíkur.

„Ef Keflvíkingar myndu vilja fá mig strax þá geri ég ráð fyrir því að GAIS hafi eitthvað um það að segja þar sem ég er samningsbundinn þeim. Ég er líka með fjölskylduna í Gautaborg og okkur líður mjög vel þar og strákurinn minn er til að mynda að fara að byrja í skóla fljótlega, þannig að það eru ýmsir hlutir sem þarf að huga að,“ sagði Jóhann sem kvað Keflavík vitanlega vera efst á óskalistanum ef hann myndi ákveða að snúa heim á leið.

„Keflavík er náttúrulega mitt lið og það virðist vera skemmtileg stemning yfir liðinu núna og leikmannahópurinn er sterkur. En það er of snemmt að vera að tala um heimferð strax, en þetta kemur allt í ljós,“ sagði Jóhann að lokum.



Sparisjóðsvöllur, áhorf.: 1.298 Jóhannes Valgeirs. (8)

1-0 Magnús Sverrir Þorsteinsson (90.+2.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	9-8 (5-2)
Varin skot	Ómar 2 – Daði 3
Hörn	5-7
Aukaspjrnur fengnar	12-10
Rangstöður	2-3

KEFLAVÍK 4-4-2	FH 4-3-3
Ómar Jóhannsson 7	Daði Lárusson 6
*Guðjón Á. Anton 8	Guðmundur Sævars 6
Kenneth Gustafsson 8	Tommy Nielsen 7
Hallgrímur Jónasson 7	Freyr Bjarnason 6
Brynjar Guðmunds 5 (79. Ásgeir Gunnar →)	
(63. Nicolaj Jörgens 6)	Hjörtur Logi Valgarðs 5
Simun Samuelsen 6	Dennis Siim 4
Hólmur Örn Rúnars 7	Daði Þór Viðarsson 7
Einar Orri Einarsson 4	Matthías Vilhjálmsson 4
(53. Magnús Þorst. 7)	(88. Jónas Grani →)
Hörður Sveinsson 4	Atli Guðnason 5
Patrik Redo 5	Arnar Gunnlaugsson 6
Guðmundur Steinarsson 3	Tryggvi Guðmunds 4
(63. Þórarinn Kristi 6)	(71. Bjarki Gunnl. →)

*Maður leiksins

STAÐAN Í LANDSBANKAÐEILD:

1. FH	10	7	1	2	21-10	22
2. Keflavík	10	7	1	2	23-15	22
3. KR	10	6	0	4	18-11	18
4. Valur	10	5	1	4	16-13	16
5. Fjölnir	9	5	0	4	11-9	15
6. Fram	10	5	0	5	10-9	15
7. Breiðablik	9	3	3	3	15-15	12
8. Þróttur	10	3	3	4	13-18	12
9. Grindavík	9	3	1	5	11-16	10
10. Fylkir	9	3	0	6	10-16	9
11. ÍA	9	1	4	4	7-13	7
12. HK	9	1	2	6	10-20	5

Markahæstu leikmenn deildarinnar:

1. Björgólfur Takefusa (KR)	9 mörk
2. Guðmundur Steinarsson (Keflavík)	7
3. Pálmi Rafn Pálmason (Valur)	7
4. Atli Viðar Björnsson (FH)	6
5. Prince Rajcomar (Breiðablik)	5
6. Guðjón Baldvínsson (KR)	5

Magnús var hetja Keflvíkinga

Keflvíkingar eru komnir upp að hlið FH á toppi Landsbankadeildarinnar eftir dramatískan sigur á Sparisjóðsvellinum í Keflavík í gærkvöld. Magnús Sverrir Þorsteinsson skoraði sigurmarkið í uppbótartíma.

FÓTBOLTI Magnús Þorsteinsson var hetja Keflavíkur sem komst upp að hlið FH á toppi Landsbankadeildarinnar með 1-0 sigri í gær í stórleik umferðarinnar. Magnús kom inn sem varamaður og skoraði eina mark leiksins á 92. mínútu með glæsilegu skoti.

Þessi tvö lið mættust í síðustu viku í bikarnum á sama stað og Keflvíkingar unnu þá 3-1 sigur. Kristján Guðmundsson gerði eina breytingu á sínu byrjunarliði frá þeim leik en hjá FH komu Arnar Gunnlaugsson og Tryggvi Guðmundsson í byrjunarliðið. Atli Viðar Björnsson á við smávægileg meiðslu að stríða og var ekki með í gær.

Leikurinn byrjaði nokkuð fjörlega og átti Simun Samuelsen ágætis skot strax á fyrstu mínútu leiksins en í varnarmann fór boltinn. Bestu tilþrif fyrri hálfleiksins átti bakvörðurinn Guðjón Árni Antoníusson sem tók á sprett, þrónaði sig í gegnum vörn FH en missti síðan knöttinn of langt frá sér. Engu að síður virkilega vel gert hjá bakverðinum trausta.

Bæði lið áttu alitlegar sóknir í fyrri hálfleiknum og jafnræði var með liðunum. Ansi margar sendingar voru misheppnaðar og komu í veg fyrir það að opin færi sköpuðust. Heimamenn voru þó ívið hættulegri upp við markið.

Guðjón Árni átti annan góðan sprett snemma í seinni hálfleik og Freyr Bjarnason braut á honum. Guðmundur Steinarsson tók aukaspjrnuna sem var rétt fyrir utan teiginn en Daði Lárusson varði vel. FH-ingar náðu meiri tókum á leiknum í seinni hálfleik og náðu



BARÁTTA Hólmur Örn Rúnarsson var öflugur í liði Keflavíkur að vanda og hér er hann að búa sig undir að skjóta að marki FH-inga en Matthías Vilhjálmsson og Dennis Siim fylgjast með honum. Keflavík komst með sigri sínum í gær upp að hlið Hafnarfjarðarliðsins.

VÍKURFRÉTTIR

völdum á miðsvæðinu. Matthías Vilhjálmsson fékk gott færi til að brjóta ísinn en skot hans fór yfir varandi hjá sóknarmönnum FH í gær og gekk þeim erfiðlega að brjóta trausta vörn Keflavíkur á bak aftur.

Þá var Ómar Jóhannsson öryggidupp málað í rammanum. Á 84. mínútu voru heimamenn óheppnir

að ná ekki að skora þegar Kenneth Gustafsson átti skalla í slá eftir aukaspjrnunni frá Hólmari Erni Rúnarsyni. Í kjölfarið bjargaði Dennis Siim síðan á marklínu.

Allt stefndi í markalaust jafntefli þegar Magnús, sem kom inn sem varamaður, náði að skora glæsilegt sigurmark með viðstöðulausu skoti í uppbótartíma eftir fyrirgjöf frá Hólmari Erni

Rúnarsyni. Svo sannarlega sætur sigur Keflvíkinga sem fögnuðu innilega þegar Jóhannes Valgeirs-son, góður dómari leiksins, flautaði af. Það var helst öflugur varnarleikur Keflavíkur sem gerði gæfumuninn í leiknum í gær. Það er ljóst að þessi úrslit hleypra enn meira lífi í deildina og spennan á bara eftir að aukast.

- egm

Dalvík




Ekki geysast í gegn!



Förum varlega í akstri um Ísland og höfum hugfast að ferðalagið er jafnmikil upplifun og áfangastaðurinn. Mörgum hættir við að bruna framhjá markverðum stöðum og aldrei að vita hverju þú missir af ef farið er um í ódagoti.

Ferðumst um landið – en förum okkur hægt og komum heil heim.



0-1

Próttur KR

Valbjarnarvöllur, áhorf.: 1.107 Einar Örn Daniels. (8)

0-1 Björgólfur Takefusa, vítaspyrnu (72).

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark) 15-11 (5-5)
 Varin skot Bjarki Freyr 4 – Stefán Logi 5
 Horn 5-4
 Aukaspjyrnur fengnar 16-15
 Rangstöður 0-1

PRÓTTUR 4-5-1 KR 4-4-2

Bjarki Freyr Guðm. 6	Stefán Logi Magn. 6
Jón Ragnar Jónsson 6	Skúli Jón Fríðgeirs. 6
Michael Jackson 7	Pétur Marteinnsson 7
Börður S. Hreiðars. 6	Grétar S. Sigurðars. 7
Kristján Ó. Björnsson 7	Guðmundur Gunnars. 6
Rafn Andri Haralds. 4	Óskar Örn Hauks. 7
(69., Andrés Vilhj. 5)	Jónas Guðni Sævars. 6
Hallur Hallsson 5	Víktor B. Arnars. 6
(83., Arnljótur Ástv. 4)	Atli Jóhannsson 4
Dennis Danry 5	(75., Jordao Diogo -)
Sigmundur Kristján. 4	Björgólfur Takefusa 5
(77., Adolf Sveinsson -)	(80., Guðm. Péturs. -)
Magnús M. Lúðvíks. 5	*Guðjón Baldvins. 7
Hjörtur Hjartarson 4	<i>*Maður leiksins</i>

Björgólfur Takefusa tryggði KR sigur á Prótti með marki úr vítaspyrnu á Valbjarnarvelli í gærkvöld:

Fastir liðir eins og venjulega hjá KR

FÓTBOLTI KR hélt uppteknum hætti og vann Prótt á Valbjarnarvelli 0-1.

Það voru fastir liðir eins og venjulega hjá KR í gærkvöldi. Liðið sigraði sinn fjórða deildarleik í röð með því að leggja Próttara að velli í Dalnum, það hélt marki sínu hreinu og Björgólfur Takefusa skoraði mark. Í stórum dráttum hefur sagan verið svona í tæpan mánuð, eða frá því að KR-ingar biðu síðast lægri hlut deildinni, í Keflavík þann 8. júní. Stöðugleikinn virðist hafa náð fótfestu í herþúðum Vesturbæinga og fyrir vikið er liðið komið í sterka stöðu í 3. sæti deildarinnar með 18 stig, tveimur stigum betur en liðið fékk allt tímabilið í fyrra.


„Það er bullandi sjálfstraust í liðinu og við höfum alls ekki sagt okkar síðasta. Við erum vissulega á miklum skriði en ég get ekki séð af hverju við getum ekki haldið áfram á sömu braut,“ sagði Jónas Guðni Sævarsson, fyrrihlíði KR-inga, eftir leik. Einn stór munur var þó á leik KR í gærkvöldi og í síðustu leikjum - liðið lék alls ekki vel og fram að vítaspyrnu, sem var réttilega dæmd þegar Þórður Hreiðarsson braut á Guðjóni Baldvinsyni, hafði fát bent

til þess að liðinu tækist að skora mark. „Það er rétt að við vorum ekki upp á okkar besta en sú staðreynd að við unnum samt leikinn segir ýmislegt um hversu sterkt lið við erum orðnir. Við erum að vinna ljótu leikina og það getur verið gríðarlega mikilvægt þegar upp er staðið,“ sagði Jónas Guðni.

Eins og Jónas benti réttilega á var leikurinn í Dalnum í gærkvöldi í afar lágum gæðaflokki. Bæði lið voru varnarsinnuð og lögðu megináherslu á að verja sitt mark og sat sjálfsagt einhver þreyta í leikmönnum KR eftir mikið leikjaálag að undanförunu. Þeim til happs voru heimamenn í Prótti sérlega daprir í gærkvöldi. Liðið virðist vera í ákveðinni lægð, hefur nú tapað tveimur heimaleikjum í röð og líkt og gegn Val í síðustu umferð benti fát til þess að liðinu tækist að skora. Hjörtur Hjartarson var ævintýrlega einmana í fremstu víglínu liðsins í gærkvöldi og sú litla ógn sem KR-ingar þurftu að glíma við komu úr langskotum.



HARTEKIST Á Guðjón Baldvinnsson átti góðan leik í gær og lét varnarmenn Próttar finna vel fyrir sér. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



2-0

Valur Fram

Vodafonevöllur, áhorf.: 812 Þóroddur Hjaltalin (7)

1-0 Pálmi Rafn Pálmason (75.), 2-0 Pálmi Rafn Pálmason (77).

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark) 20-5 (10-0)
 Varin skot Kjartan Ó – Hannes Þór 7
 Horn 6-2
 Aukaspjyrnur fengnar 8-17
 Rangstöður 3-1

VALUR 4-2-2 FRAM 4-5-1

Kjartan Sturluson 6	Hannes Þ. Halldórs. 7
Birkir Már Sævars. 8	Jón Orri Ólafsson 5
Atli Sveinn Þórarins. 7	Reynir Leósson 4
Barry Smith 7	Auðun Helgason 6
Rene Carlsen 7	(85., Grímur Gríms. -)
Rasmus Hansen 6	Sam Tíllen 4
*Pálmi R. Pálm. 8	Halldór H. Jónsson 5
Sigurbjörn Hreiðars. 5	Ingvar Ólason 5
(68., Baldur Aðalst. 6)	Heiðar Geir Júlíusson -)
Bjarni Ólafur Eiríks. 7	(78., Örn Kato Hauks. -)
Helgi Sigurðsson 6	Paul McShane 4
Guðmundur Ben. 7	Ívar Björnsson 4
(83., Albert Ingason -)	(84., Guðm. Magnús. -)
	Hjálmar Þórarinnsson 4

**Maður leiksins*

Pálmi Rafn Pálmason skoraði mörk sín númer sex og sjö í deildinni í sumar í sigri Valsara á Frömurum:

Þolinmæði skilaði Val þremur stigum

FÓTBOLTI Valsmenn eru hægt og rólega að klífa upp töfluna í Landsbankadeild karla. Íslandsmeistararnir sýndu þolinmæði þegar þeir unnu Framara 2-0 í gær með tveimur mörkum frá Pálma Rafni Pálmasyni.

Framarar náguðust leikinn afar varfærnislega. Dagsskipunin var greinilega að taka litla áhættu og reyna frekar að keyra hratt á Valsmenn með skyndisóknum. Það gekk ekki. Framarar héldu boltanum illa í fyrri hálfleiknum og sendingar sem áttu að skapa hættu hjá markinu voru lélegar. Þeir ógnuðu marki Vals nákvæmlega ekki neitt.

Hannes hafði meira að gera í marki Fram. Birkir Már gerði vörninni lífið leitt og hann skaut í stöngina í upphafi leiks áður en Hannes varði meistaralega skalla frá Helga Sigurðssyni. Hannes varði aftur ágætlega frá Helga en síðan hættu Vals-menn nánast að ógna Hannesi. Þeir héldu boltanum vel,

FRÁBÆR Pálmi Rafn Pálmason skoraði bæði mörk Valsmanna í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



SKOTHRIÐ Íslandsmeistarar Vals gerðu harða hrið að marki Framara í gærkvöld og áttu sigurinn skilið. Framarar vörðust af krafti en Valsmenn hirtu stigin þrjú. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

gerðu hvað þeir gátu, en náðu ekki að ógna að neinu viti. Í sóknarlínu Fram var Hjálmar einangraður og einmana. Eina skot hans var nær því að ná fellu í Keiluhöllinni í Öskjuhlíð en að ógna Kjartani markmanni. Svipað var uppi á teningnum í síðari hálfleik en Kjartan hoppaði ótt og títt til að halda á sér hita enda Valsarar sóttu og

besta færið áður en stíflan brast fékk Helgi þegar Reynir Leósson missti boltann fáránlega frá sér. Sem fyrr varði Hannes frábærlega. Auðun var draghaltur í vörninni en það virtist ekki koma að sök. Vörn Fram hélt og hélt en þolinmæði Valsmanna skilaði sér loksins á 75. mínútu.

Þá skoraði Pálmi Rafn tvö mörk á tveimur mínútum en fram að því hafði hann ekki látið mikið til sín taka. Fyrst skoraði hann frábært mark með viðstöðulausu skoti eftir sendingu Birkis Más og síðan hirti hann lausan bolta í

teignum og skoraði undir hjálparlausan Hannes. Leikurinn fjaraði svo út og lauk með verðskulduðum 2-0 sigri Vals.

„Við töluðum um það fyrir leikinn að við þyrftum að vera þolinmódir. Það er erfitt að fara í gegnum þá en sem betur fer náðum við að ógna og setja á þá tvö mörk. Ég held að það sé ekki ósanngjarnt að kalla þetta verðskuldaðan sigur. Markmaður þeirra varði mjög vel en ég hafði það alltaf á tilfinningunni að þetta myndi detta,“ sagði markaskorarinn Pálmi Rafn glaðbeittur.

„Þetta hafðist að lokum,“ sagði Bjarni Ólafur. „Mér fannst við ívið sterkari og þeir sóttu ekki á mörgum mönnum og lágu bara til baka,“ sagði Bjarni en útsendarar frá nokkrum félögum fylgdust með honum í leiknum. Hann lofði því ekki að Valsarar væru að komast á beinu brautina með sigrinum. „Það er leiðinlegt að bjóða upp á þessa klisju en við tökum bara einn leik fyrir í einu.“

Auðun Helgason, varnarmaður Fram, segist aldrei hafa átt að spila leikinn. Hann spilaði í 86 mínútur draghaltur en hann er meiddur á liðböndum á ökkla. „Heiðar Geir er líka meiddur og Reynir var veikur í nótt. Við erum frekar þunnskipaðir og þá er þetta erfitt en þetta var sanngjarn sigur Vals,“ sagði Auðun.

- hph

Pú getur gert kraftaverk

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



Rétt norðan Akureyrar er beygt til fögru Dalvíkur og þar upp af er sögufrægur Svarfaðardalur. Kjöríð að halda svo áfram á Ólafsfjörð og Siglufjörð ...

www.ferdalag.is





EFTIRSÓTTUR AC Milan hefur staðfest að félaginu hafi borist risakaupboð í Kaka frá Chelsea. NORDIC PHOTOS/GETTY

Galliani, forseti AC Milan: Chelsea hefur boðið í Kaka

FÓTBOLTI Adriano Galliani, forseti AC Milan, greindi frá því í gær í viðtali við ítalska dagblaðið La Stampa að Chelsea hefði látið í ljós vilja sinn að fá brasilíska snillinginn Kaka í sínar aðir.

„Okkur hefur þegar borist risakaupboð frá Chelsea í Kaka,“ sagði Galliani sem viðurkenndi jafnframt að mörg lið hafi spurð fyrir um ítalska landsliðsmanninn Andera Pirlo.

„Það eru mörg lið á eftir Pirlo og eru búin að vera í þó nokkurn tíma en hvorki hann né umboðsmaður hans hafa komið að tali við mig og óskað eftir nýjum og betri samningi við AC Milan. Ef við myndum ákveða að selja Kaka og Pirlo myndu allar skuldir okkar verða úr sögunni, svo mikið er víst,“ sagði Galliani. - óþ

Tímamót hjá Grindavík:

Geta unnið 4. útileikinn í röð

FÓTBOLTI Grindvíkingar, sem eiga enn eftir að vinna heimaleik í Landsbankadeild karla í sumar, geta unnið fjórða útileik sinn í röð í kvöld þegar þeir sækja Skagarmenn heim. Það yrði þá í fyrsta sinn í sögu liðsins í efstu deild sem liðið tæki öll stigin í fjórum útileikjum í röð. Grindvíkingar eru búnir að vinna Blika (6-3), Framara (1-0) og Fylkismenn (1-0) í síðustu þremur útileikjum sínum og hafa með því jafnað árangur sinn frá 2003 þegar þeir unnu þrjá útileiki í röð. Sigurgangan fyrir fimm árum endaði með 2-0 tapi fyrir Fram á Laugardalsvöllinum. Til þess að halda sigurgöngunni gangandi þurfa Grindvíkingar þó að gera það sem þeir hafa ekki afrekað í sex ár en það er að vinna ÍA uppi á Akranesi. - óþ

Samkeppni um stöður orðin mikil

Sigurður Ingimundarson, landsliðsþjálfari karla í körfubolta, hefur valið 12 manna hóp fyrir æfingarleiki gegn Litháen eftir tæpa viku og telur að æfingarhópur landsliðsins hafi sjaldan verið jafn sterkur og nú.

KÖRFUBOLTI A-landslið karla í körfubolta var í æfingabúðum í Stykkishólmi um helgina og að þeim loknum valdi landsliðsþjálfarinn, Sigurður Ingimundarson, 12 manna hóp sem heldur til Litháen í lok vikunnar og leikur þar tvo æfingarleiki við heimamenn.

Sigurður var ánægður með dvölinna í Stykkishólmi þegar Fréttablaðið heyrði hljóðið í honum í gær.

„Það gekk bara mjög vel í Stykkishólmi og leikmennirnir æfðu vel og virkuðu ferskir,“ sagði Sigurður sem hlakkar mjög til leikjanna gegn Litháen sem hann telur að séu frábært tækifæri fyrir íslenska liðið til þess að bæta leik sinn.

„Litháar eru náttúrulega með eitt sterkasta lið í heimi í dag, það er ekkert flóknara en það, og því er þetta frábært tækifæri fyrir okkur að fá þessa tvo leiki gegn þeim. Fyrri leikurinn fer fram í Kaunas 13. júlí og seinni leikurinn í Vilnius 15. júlí. Litháar eru að undirbúa sig fyrir Ólympíuleikana þar sem þeir ætla sér stóra hluti og það verður því bæði gaman og fróðlegt að takast á við þetta verkefni. Þessir leikir koma á mjög góðum tímamarki fyrir okkur og við eigum eflaust eftir að sjá marga hluti í okkar leik sem við þurfum svo að vinna í og bæta fyrir næsta haust,“ sagði Sigurður sem kvað samkeppni um stöður í íslenska liðinu fara harðnandi.

Hópurinn sjaldan verið sterkari

„Þessi 12 manna hópur sem ég valdi er bara fyrir þetta verkefni gegn Litháen og svo munum við halda áfram með æfingarrhópinn að nýju eftir það. Æfingarhópurinn er gríðarlega sterkur og hefur sjaldan verið jafn sterkur og nú og samkeppni um stöður innan landsliðsins er mikil. Það eru auðvitað nokkrir leikmenn sem eru ekki í 12 manna hópnum sem ég á von á að muni verða í baráttunni

MED Á NÝ Jón Arnór Stefánsson gefur kost á sér með íslenska landsliðinu á ný.

GRAZIANERI



SPENNANDI VERKEFNI Sigurður Ingimundarson er ánægður með að Ísland sé að fara að mæta jafn sterkum liði og Litháen og telur leikina hjálpa íslenska liðinu til þess að sjá hvað þurfi að bæta og vinna í fyrir leikina í B-deild Evrópukeppni landsliða næsta haust. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



um sæti í landsliðshópnum þegar leikirnir í B-deild Evrópukeppninnar hefjast í september. Pavel Ermolinskij hjá Huelva á Spáni er búinn að vera að æfa með okkur en er ekki alveg kominn í nógu gott spilaform og stóru strákarnir, Fannar Ólafsson hjá KR og Friðrik Stefánsson hjá Njarðvík, eru að koma aftur eftir meiðslum og spurning hvernig staðan á þeim verður í haust. Þá eru leikmenn eins og Finnur Magnússon sem leikur í Bandaríkjunum, Jón Norðdal Hafsteins-

LEIKMANNAHÓPUR FYRIR LEIKINA GEGN LITHÁEN:

Jón A. Stefánsson (Lottomatica Roma)
Jakob Sigurðarson (Univer KSE)
Logi Gunnarsson (Farho Gijon)
Hreggviður Magnússon (ÍR)
Páll Axel Vilbergsson (Grindavík)
Helgi M. Magnússon (KR)
Hlynur Bæringsson (Snæfell)
Sigurður Þorvaldsson (Snæfell)
Magnús Gunnarsson (Njarðvík)
Jóhann Árni Ólafsson (Njarðvík)
Sigurður G. Þorsteinsson (Keflavík)
Hörður Axel Vilhjálmsson (Keflavík)

son hjá Keflavík, Brynjar Björnsson hjá KR og Þorleifur Ólafsson hjá Grindavík og ég gæti haldið áfram að telja. Þetta eru allt hörku góðir leikmenn þannig að samkeppnin er mikil eins og ég segi og það er mjög jákvætt,“ sagði Sigurður að lokum. omar@frettabladid.is



SAMKEPPNI Snæfellingarnir Hlynur Bæringsson og Sigurður Þorvaldsson eru komnir á ný í íslenska landsliðið og eru báðir í 12-manna hópi Sigurðar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Keppni í Formúlu 1 fór fram á Silverstone-brautinni á Englandi í gærdag:

Hamilton vann á heimavelli

FORMÚLA 1 Breski ökuþórinn Lewis Hamilton hjá McLaren fór með sigur af hólmi í Formúlu 1 á Silverstone-brautinni á Englandi í gær.

Aðstæður á Silverstone voru keppendum erfiðar vegna rigningar og talsvert var um að menn keyrðu út af brautinni. Heikki Kovalainen hjá McLaren byrjaði á ráspól í fyrsta sinn á ferlinum og hélt velli í fyrstu hringjunum áður en liðsfélagi hans Hamilton tók öll völd. Hamilton keyrði frábærlega og sýndi hvers hann er megnugur við erfiðar aðstæður og hélt forystu sinni til enda og kom fyrstur í mark.

Nick Heidfeld hjá BMW varð annar og Rubens Barrichello hjá Honda varð þriðji. Heimsmeistarinn Kimi Raikkonen hjá Ferrari varð fjórði en hann lenti í miklu basli eftir að hafa fylgt Hamilton eftir framan af keppni.

Sigur Hamiltons þýðir það að hann er kominn upp að hlið Ferrari-mannanna Raikkonens og Felipe Massa í stigakeppni ökuþóra og Bretinn ungi var því að vonum sáttur í keppnislok í gær.

„Þetta var einn erfiðasti

kappakstur sem ég hef nokkurn tímann tekið þátt í og þar að leiðandi er þetta klárlega besti sigur minn frá upphafi. Það var frábært að sjá stuðningsmenn mína standa upp til þess að fagna mér á heimavelli þegar ég var að keyra síðasta hringinn og ég gat ekki beðið eftir því að koma í mark. Stuðningurinn hafði mikið að segja og gaf mér aukakraft og ég er mjög þakklátur fyrir það,“ sagði Hamilton. - óþ



ÁNÆGDUR Lewis Hamilton kvað sigur sinn á Silverstone í gær hafa verið besta sigur sinn frá upphafi.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Smart motion Hlaupastíls námskeið

Sauðárkrúkur
Akureyri
Dalvík
Húsavík
Vopnafjörður
Neskaupstaður
Egilstaðir
Reyðarfjörður
Höfn
Selfoss
Reykjavík
Keflavík

Lærðu að hlaupa með minna álagi á fætur, liði og mjóbak

3 - 11. júlí 2008

Bókaðu þig á heimasíðunni smartmotion.is




skemmtilegri

VISA
FRÁBÆRT ÁSKRIFTARTILBOD
Stöð 2, Stöð 2 Blá og Stöð 2 Extra í einum pakka
á aðeins 4.890 kr. á mánuði fyrir kreditkorthafa
VISA í boðgreislu m.v. þriggja mánaða skuldbindingu.

ÞAÐ ER ÓDYRARA AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

STELPU SUMMAR

Á STÖÐ 2 Í JÚLÍ



**SÉRVALID EFNI
FYRIR STELPURNAR Í ALLT SUMAR**

So You Think You Can Dance
Cashmere Mafia
Ghost Whisperer
Beauty and the Geek
Flipping Out

Canterbury's Law
Women's Murder Club
Newlyweds, Nearly Dead
The Moment of Truth
The Riches

It's Always Sunny in Philadelphia
Las Vegas
The Devil Wears Prada
Oprah

> Jim Carrey

„Að setja myndir í einhverja flokka er fátítt. Fólk finnst gott að hlæja og það hlær að svo til öllu. Maður er ekki verri þó að manni finnst prunpubrandar myndir.“ Carrey leikur í myndinni „Lemony Snicket's A Series of Unfortunate events“ sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ KJARTAN GUÐMUNDSSON SPEGLAR SIG Í ÍPRÓTTAFRÉTTAMANNI

Hvað verður nú um Samúel og börnin?

Eitt skemmtilegasta atriði íslenskrar kvikmyndasögu er að finna í hinni frábæru „Punktur punktur komma strik“ frá árinu 1981. Þegar skólastjóri aðalpersónunnar Andra heyrir um morðið á John F. Kennedy fyllist hann geðshræringu og hljóðar eftirminnilega: „Hvað verður nú um Jacqueline og börnin?“ Þegar ég heyrði um víðamiklar uppsagnir hjá RÚV í vikunni skaut þessari spurningu skólastjórans upp í kollinn á mér, lítilliga breyttri: „Hvað verður nú um Samúel og Örninn?“ Ég get nefnilega ekki hugsað mér RÚV án Samúels Arnar. Raunar vil ég helst ekki ímynda mér lífið án hans, ef út í það er farið. Í viðhorfi mínu til Samúels, eða „Smúla“ eins og við aðdáendur hans köllum hann, endurspeglast nefnilega aukið umburðarlyndi sem óhjákvæmilega gerir vart við sig þegar árin taka að færast yfir. Sem barn og unglingur átti ég afar erfitt með að fella mig við Samúel. Svo liðu árin. Nýir ípróttafréttamenn komu og

fóru, misskemmtilegir eins og gengur, en alltaf stóð Samúel keikur vaktina. Vart var flautað til þess bringusundsmóts eða boccia-keppni að Smúli væri ekki mættur galvaskur með mikrafóninn, reiðubúinn að rekja garnirnar úr viðmælendum með sitt sérkennilega stríðnisglott á vör. Skyndilega var Samúel orðinn mikilvægur hluti tilveru minnar. Þangað til ég heyrði um uppsagnir RÚV nú í vikunni. Mér varð hugsað til hinna fleygu orða að enginn veit hvað átt hefur fyrir en misst hefur. Auðvitað var ótti minn ástæðulaus. Ekki nóg með að Smúla hafi ekki verið sagt upp í vikunni, heldur hætti hann fyrir þó nokkru af sjálfssáðum sem fastráðinn starfsmaður RÚV. Nú situr hann í hinum ýmsu nefndum, ráðum og þingum, og styttr eflaust samstarfsfólki sínu iðulega stundir með skemmtisögum úr bransanum. Þó hleypur hann enn í eitt og eitt verkefni hjá RÚV, sem er vel. Fréttir frá hestamannamótum eru einfaldlega ekki þær sömu án Samúels á skjánum. Eins og lífið sjálft.



EKKI MISSA AF



▶ **19.45 HK-FJÖLNIR beint**
STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00 So you Think you Can Dance**
STÖÐ 2



▶ **20.10 Kimora. Life in the Fab Lane**
SKJÁR EINN



▶ **20.45 Vinir í raun (In Case of Emergency)**
SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00 What's Love Got To Do With It**
STÖÐ 2 BÍÓ

SJÓNVARPIÐ

- 16.15 Landsmót hestamanna (6:7) (e)
- 16.35 Leiðarljós
- 17.20 Táknmálsfréttir
- 17.30 Ungar ofurhetjur (Teen Titans)
- 17.53 Skritin og skemmtileg dýr
- 18.00 Gurra grís
- 18.05 Lítil prinsessa
- 18.16 Herra menn (The Mr. Men Show)
- 18.25 Út og suður (e)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 19.55 Karþagó (Carthage)(2:2) Bresk heimildamynd um hina sögufrægu borg Karþagó í Norður-Afríku, þar sem nú er Túnis.
- ▶ 20.45 Vinir í raun (In Case of Emergency)(4:13) Bandarísk þáttaröð um fjögur skólastjórna sem hittast aftur löngu seinna og styðja hvert annað í lífsins óljúsum.
- 21.10 Lífsháskí (Lost) Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktu eyju í Suður-Kýrrahafi þar sem ýmsar ógnir leynast.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.20 Sportið
- 22.45 Herstöðvarlíf (Army Wives) (11:13) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð.
- 23.30 Kastljós (e)
- 23.50 Dagskrárlök

BÍÓ

- 08.00 Fjöldkyldubíó. Búi og Símon
- 10.00 Searching For David's Heart
- 12.00 Lemony Snicket's A Series of Unfortunate events
- 14.00 The Perez Family
- 16.00 Búi og Símon
- 18.00 Searching For David's Heart
- 20.00 Lemony Snicket's A Series of Unfortunate events /Evintýrleg gamanmynd með Jim Carrey í aðalhlutverki.
- ▶ 22.00 What's Love Got To Do With It Mynd um ævi Tinu Turner með anglabasseti í aðalhlutverki.
- 00.00 Le petit lieutenant
- 02.00 Out of Time
- 04.00 What's Love Got To Do With It
- 06.00 Eight Below

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Sylvester og Tweety, Camp Lazlo, Tommi og Jenni.
- 08.15 Oprah (Transgender Families)
- 08.55 í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 La Fea Más Bella
- 10.15 Missing (1:19)
- 11.10 Tim Gunn's Guide to Style (2:8)
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.30 Neighbours
- 12.55 Derren Brown. Hugabrellur
- 13.20 Numbers (21:24)
- 14.05 Because of Winn-Dixie Mynd fyrir alla fjölskylduna um einmana 10 ára stelpu sem finnur hund og tekur við hann ástföstri.
- 15.55 Háheimar
- 16.15 Leðurblökumaðurinn
- 16.40 Skjaldböckurnar
- 17.05 Louie
- 17.15 Tracey McBean
- 17.28 Bold and the Beautiful
- 17.53 Neighbours
- 18.18 Markaðurinn og veður
- 18.30 Fréttir
- 18.49 Ípróttir
- 18.55 Veður
- 19.10 The Simpsons (13:22)
- 19.35 Friends Rachel telur miklar breytingar hafa orðið á Amy systur sinni. Þrátt fyrir mótmæli Ross leyfir hún henni að passa Emmu. Monica og Chandler hafa miklar áhyggjur af því þegar Joey reynir að nota stór orð um þau í bréfi.
- ▶ 20.00 So you Think you Can Dance (3:23) Keppendur vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tökum á nýri danstækni í hverri viku þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari.
- 21.25 Killer Wave
- 22.50 Only The Lonely Rómantísk gamanmynd með John Candy í aðalhlutverki. Danny er lögregluþjónn í Chicago sem býr hjá móður sinni. Þegar hann verður ástfanginn af Theru finnur hann til sektarkenndar yfir því að yfirgefa móður sína.
- 00.30 Shark (2:16)
- 01.15 Silent Witness (1:10)
- 02.05 Because of Winn-Dixie
- 03.50 Killer Wave (1:2)
- 05.15 The Simpsons (13:22)
- 05.40 Fréttir

SPORT

besta sætið

- 07.00 Landsbankadeildin 2008 Keflavík - FH. Útsending frá leik í Landsbankadeild karla.
- 17.10 Landsbankadeildin 2008 Keflavík - FH. Útsending frá leik í Landsbankadeild karla.
- 19.00 Sumarmótin 2008 Fjallað verður um Shellmótin í Vestmannaeyjum í máli og myndum. Knattspyrnumenn framtíðarinnar sýna listir sínar í frábærum þætti.
- ▶ 19.45 Landsbankadeildin 2008 HK - Fjölirnir Bein útsending frá leik í Landsbankadeild karla.
- 22.00 Landsbankamörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrífir í umferðinni skoðuð.
- 23.00 F1. Við endamarkið Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndverri ræða málin. Farið verður yfir helstu mál liðandi keppni og þau krufin til mearjar.
- 23.40 Landsbankadeildin 2008 HK - Fjölirnir. Útsending frá leik í Landsbankadeild karla.
- 01.30 Landsbankamörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrífir í umferðinni skoðuð.

SPORT 2

- 17.50 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimssóttir, gömlu stjórnumar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
- 18.20 Season Highlights Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
- 19.15 Bestu leikirnir
- 20.55 Champions of the World - Mexico Frábærir þættir sem varpa einstöku ljósi á knattspyrnuhefðina í Suður Ameríku. Í þessum þætti er Mexíkó tekið fyrir sem en sú þjóð státar af ágætri knattspyrnuhefð og hefur til að mynda tvívegis verið gestgjafar á HM.
- 21.50 PL Classic Matches Everton - Leeds, 99/00. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
- 22.20 Bestu leikirnir Everton - Arsenal

SKJÁREINN

- 07.15 Rachael Ray (e)
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Dynasty (e)
- 09.30 Vörutorg
- 10.30 Óstöðvandi tónlist
- 15.35 Vörutorg
- 16.35 Girlfriends
- 17.00 Rachael Ray
- 17.45 Dr. Phil
- 18.30 Dynasty
- 19.20 Top Chef (e)
- ▶ 20.10 Kimora. Life in the Fab Lane (4:9) Kimora Lee Simmons er stofnandi Baby Phat og Phat Farm. Hún hleypir áhorfendum inn í skrautlegt líf sitt, deilir með þeim leyndamálum sínum og talar um árin í módelbransanum.
- 20.35 Hey Paula (3:7) Paula Abdul sýnir áhorfendum hvernig stjórnuhlíf er í raun og veru. Paula heldur neyðarfund með starfsfólkinu til að ræða slæma umfjöllun sem hún hefur fengið í fjölmiðlum. Síðan heldur hún í verslunarleiðangur. Leiðin liggur síðan til Las Vegas þar sem sem ágengir fjölmiðlamenn biða hennar.
- 21.00 Eureka (8:13) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndarmál. Þar hefur helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst. Fyrrum íbúi Eureka snýr aftur til bæjarins og setur allt á annan endann. Framtíð Global Dynamics er ógnað og Stark verður að taka erfiða ákvörðun.
- 21.50 The Evidence (2:8) Bandarísk sakamálaferia þar sem Anita Briem leikur eitt aðalhlutverkanna.
- 22.40 Jay Leno
- 23.30 Criss Angel Mindfreak (e)
- 23.55 Dynasty (e)
- 00.45 Girlfriends (e)
- 01.10 Vörutorg
- 02.10 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

- 18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekið á klt. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
- 18:45 Gönguleiðir Endurtekið á klt. fresti til kl. 12.45 daginn eftir. (e)

OMEGA


Dagskrá allan sólarhringinn.

NÚ ER KÁTT Í HÖLLINNI

RISA

MARKAÐUR

Í LAUGARDALSHÖLLINNI



DVD MYNDIR - DVD TÓNLIST
TÓNLIST - TÖLVULEIKIR

Þúsundir titla
í boði á ótrúlegum
verðum

OPH 11-19
ALLA DAGA VIKUNNAR

Í KVÖLD

STÖÐ 2 EXTRA KL. 20.30

Entourage

Einn verðlaunaðasti gamanþáttur HBO frá upphafi. Raunalegt fram-pot Vincents og félagi í Hollywood heldur áfram. Eins og komið hefur á daginn er leiðin á toppinn bæði skrykkjótt og brött. Á slíkri þrautagöngu kemur sér vel að eiga góða vini en stundum getur það líka bara skemmt fyrir. Þessir skemmtilegu verðlaunaþættir eru lauslega byggðir á fyrstu árum Marks Wahlbergs í bíoborginni en þess má geta að í þáttunum koma reglulega við sögu fjölmargar þekktar stjórnur sem leika sjálfar sig og gera ósjaldan stólpagrín að sér og ímynd sinni.



VIÐ MÆLUM MED

The Evidence

Skjár einn kl. 21.50

Bandarísk sakamálaferia þar sem sögusviðið er San Francisco og aðalpersónurnar eru lögreglumenn og meinafræðingar sem rannsaka morð-gátur. Í upphafi þáttanna fær áhorfandinn að sjá öll sönnunargögnin en síðan þarf að raða saman brotunum til að komast að því hver morðinginn er. Í þættinum í kvöld finnst boxari látinn í húsundi og félagarnir Cole og Bishop reyna að lesa í sönnunargögnin og finna morðingjann.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.05 Morgunvaktin
- 06.50 Bæn
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.13 Látun
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.02 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 13.00 Útvarpsleikhúsið: Sérðu einhver spor í snjónum dóttir mín góð
- 13.15 Á sumarvegi
- 14.03 Út um víðan völl
- 15.03 Útvarpssagan: Múrin í Kína
- 15.30 Dr. RÚV
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.13 Flækingur
- 17.03 Viðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.25 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 19.00 Á sumarvegi
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Litla flugan rifjar upp Eurovision
- 21.10 Framtíð lýðræðis
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Kvöldsagan: Svartfugl
- 22.45 Dalakofinn
- 23.30 Lostafulli listræninginn
- 00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 **Hollyoaks** Bresk unglingsápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

16.30 **Hollyoaks**

17.00 **Seinfeld** (19:22)

17.30 **Entourage** (14:20)

18.00 **Live From Abbey Road** (2:12)

19.00 **Hollyoaks**

19.30 **Hollyoaks**

20.00 **Seinfeld** (19:22)

20.30 **Entourage** (14:20)

21.00 **Live From Abbey Road** (2:12)

Þættir með lífandi tónlist frá þessu þekktasta upptökuveri heims sem Bítlamir gerðu ódauðlegt. Heimsfrægir tónlistarmenn flytja þrjú lög á milli þess sem þeir spjalla um tónlist sína og lífið.

22.00 **Comedy Inc.** (22:22) Ástralskur sketsaþáttur sem slær öllum öðrum við.

22.25 **Wire** (3:13) Fjórdá syran í hörkuspennandi myndaflokki sem gerist á stræti um Baltimore í Bandaríkjunum. Eiturlyf eru mikið vandamál og glæpaklíkur vaða uppi. Höfundur þáttanna er David Simon. Hann var einn handritshöfundur Homicide. Life on the Street sem áhorfendur Stöðvar 2 þekkja vel.

23.25 **Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum. Hvað myndir eru að koma út og hverjar eru aðalstjórnurnar í bíóhúsunum? Ómissandi þáttur fyrir alla bíóáhugamenn.

23.50 **Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

INN

20.00 **Mér finnst...** Spjallþáttur í umsjón Kolfinnu Baldvinsdóttur og Ásdísar Olsen. Gestir: Kolbrún Bergþórsdóttir, Björk Jakobsdóttir.

21.00 **Mæður og dætur** Auður Eir Vilhjálmisdóttir, Yrsa Þórðardóttir.

21.30 **Kristinn H.** Þáttur í umsjón Kristins H. Gunnarssonar alþingismanns. Gestur: Jón Þór Stuluson aðstoðarmaður viðskiptaráðherra.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

11.00 Saras kökken 11.30 Hestebrødrene 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.05 Last Exile 13.30 SommerSummerum 15.05 Monster allergi 15.30 Mine venner Tigerdyret og Phys 15.55 Manda 16.00 Sommertid 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 SommerVejet 17.05 Hercule Poirot 18.00 Det vilde Kina 19.00 TV Avisen 19.25 Sommervejet på DR1 19.35 Attention 2008 20.00 Blodspor 21.10 Mistænkt 22.50 Seinfeld

NKI

08.55 Country jukeboks 09.55 Ut i naturen jukeboks 11.10 Sjukehuset i Aidsensfield 12.00 Wimbledon direkte 15.50 Oddasat nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Asta-Marie, det er meg 16.05 Mamma Mirabelle viser film 16.15 Charlie og Lola 16.30 Safari Europa 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Der ingen skulle tru at nokon kunne bu 18.00 Ville og vakre Kina 18.50 20 spørsmål 19.15 Detektiven. BlackJack 20.45 Program ikke festsatt 21.00 Kveldsnytt 21.15 Nachspiel Wimbledon 21.35 Hotell Babylon 22.25 David Gilmour 23.25 Country jukeboks med chat

SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Fotbollsakademien 10.35 Sportspegeln 11.05 Grön glädje 12.30 Den store amatören 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 15.00 Himlen över Danmark 15.30 Strömsö 16.00 Hannas hjälplinj 16.10 Ebb och Flo 16.15 Rorri Racerbil 16.25 Yoko! Jakamoko! Toto! 16.30 Hej hej sommar 16.31 Planet Sketch 16.50 Det femte väderstreck 17.00 Unge greve Dracula 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Sommartorget 18.30 Packat & klart sommar 19.00 Kommissarie Montalbano 20.40 Blod, svett och danska skallar 21.05 Rapport 21.15 Allsång på Skansen 22.15 Brottskod: Försvunnen 23.00 Sändningar från SVT24

Á FERÐALAGI

11.-12. júlí	Vestmannaeyjar	Bylgjan á ferðalagi
18.-19. júlí	Hemmi Gunn og Svansi í útilegu	
25.-26. júlí	Fáskrúðsfjörður	Franskir dagar
1.-2. ágúst	Verslunarmannahelgar-útvarp	
8.-9. ágúst	Dalvík	Fiskidagurinn mikli
15.-16. ágúst	Bolungarvík/Ísafjörður	Ástarvika
22.-23. ágúst	Hella	Landbúnaðarsýning
29.-30. ágúst	Sandgerði	Sandgerðisdagar

BYLGJAN á ferðalagi um landið í sumar

Bylgjan og Olís eru í sumarskapi og verða á ferðalagi með þér í allt sumar! Við höldum ótraud áfram ferðalagi okkar og byrjum sem fyrr á föstudagsmorgnum með Kollu og Heimi í bitinu. Ívar Guðmunds tekur við kl. 9, Siggí Ragg heldur áfram strax eftir hádegi og við endum daginn með strákunum í Rvík síðdegis. Eftir hádegi á laugardögum eru það Hemmi Gunn og Svansi sem skemmta hlustendum auk þess að draga heppinn hlustanda úr potti Ævintýraeju Olís, sem er frábær ferðaleikur fyrir alla fjölskylduna. Nánari upplýsingar á www.olis.is.

Um næstu helgi verðum við í Höllinni, Vestmannaeyjum.

Vertu með Bylgjuni og Olís í allt sumar - á ferðalagi!

FÖSTUDAGUR:
Í bituð
Ívar Guðmunds
Siggi Ragg
Reykjavík síðdegis

LAUGARDAGUR:
Hemmi Gunn og Svansi

BYLGJAN
989

ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Það er FM957 og Voice hérna á Akureyri. Upphaldslagið mitt þessa stundina er I Kissed a Girl með Katy Perry en ég hlusta bara á það sem er heitast. Ef ég næ svo hvorki Voice né FM957 þá er það Rás 2.“

Vilborg Danielsdóttir, vörubílstjóri á Akureyri.

Frá Barcelona til Ísafjarðar

„Við erum að koma heim um miðjan júlí,“ segir Þórarinn Leifsson rithöfundur sem hyggst búa á Ísafirði fram að áramótum ásamt konu sinni, Auði Jónsdóttur. Þau eru búsett í Barcelona. „Það verður of heitt hérna í júlí. Heilinn hættir bara að virka í þessum hita,“ segir Þórarinn. Auður er að leggja loka-hönd á bókina Vetrarsól sem kemur út í haust og ætla að klára að skrifa hana fyrir vestan. Þórarinn ætla að klára handrit sem hann ætla að selja í forlag í haust.

ÞÓRARINN LEIFSSON Flytur með frúnni á Ísafirði.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



„Við vinnum þannig vinnu að við getum búið hvar sem er,“ segir Þórarinn en þau hafa reynt að haga málum þannig að þau búi hálfert á Íslandi og hálfert á erlendis. „Ég var ekkert spenntur fyrir því að fara heim í sumar því ég vildi ekki vera í Reykjavík. Þegar Auja stakk upp á að fara á Ísafirði leist mér strax betur á þetta. Ég er nefnilega með alls konar rómantískar hugmyndir um sveitina,“ segir hann.

Auður ætla að halda námskeið í ritlist á Ísafirði í september og jafnvel fara með námskeiði til Reykjavíkur. Þau stefna að því að fara aftur til Spánar kringum 20.

desember með viðkomu í Danmörku og Þýskalandi. Þórarinn segir að það sé ofan á þá náttúrufegurð sem þau fá ókeypis á Vestfirðum, þá sé einnig mun ódýrara að lifa þar.

„Meðan evran er að láta svona þá er réttast að við búum í tjaldi þangað til krónan styrkist. Verðum í útilegu þangað til,“ segir Þórarinn sem ætla að njóta lífsins fyrir vestan. „Ég ætla að fara í göngur og veiða fisk í soðið. Auður ætla að baka pönnukukur.“

- shs

AUÐUR JÓNSDÓTTIR Mun klára bókina Vetrarsól meðan hún dvelst á Ísafirði.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. mælieining, 6. í röð, 8. fley, 9. munda, 11. ekki heldur, 12. skattur, 14. mont, 16. átt, 17. þrí, 18. stjórnamumdæmi, 20. stefna, 21. streita.

LÓÐRÉTT

1. krass, 3. úr hófi, 4. jarðbrú, 5. víður, 7. skór, 10. eyrir, 13. nytsemi, 15. naga, 16. rá, 19. átt.

LAUSN

16. slá, 19. na.
LÓÐRÉTT: 1. kró, 3. of, 4. landbrú, 5. tæ, 7. stígvél, 10. aur, 13. not, 15. bita, 18. lén, 20. út, 21. álag.

LÁRÉTT: 2. volk, 6. rs, 8. far, 9. ota, 11. n, 12. tíund, 14. gróbb, 16. sv, 17. trf, 18. lén, 20. út, 21. álag.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á blaðsíðu 8

1. Árni Ísaksson
2. Framleiðslufyrirtækið WhiteRiver Productions
3. Friðrik Weisshappel

Auglýsingasími
512 5050
- Mest lesið

GUÐFINNA SIGURÐARDÓTTIR: KEMUR ÍBÚUM DUBAI Í FORM

Óhugnanlegt hvað það er mikið af peningum hérna

„Ég er búin að vera að þjálfa í mörg ár en er búin að vera með aðstöðu í einu af Meridian-hótelunum í Dubai undanfarna níu mánuði, en hér eru flestar líkamsræktartöðvar inni á hótelum þar sem fólk hefur aðgang að tækjum, heilsulind, sundlaug og tennisvelli,“ segir Guðfinna Sigurðardóttir, einkaþjálfari og líkamsræktarkennari, sem hefur búið í Dubai undanfarna sex ár ásamt eiginmanni sínum, Michael Hansen, og tveimur sonum þeirra, Ísaki fjögurra ára og Davíð sex ára.

„Ég er ekki hrifin af megrunarkúrum svo ég legg frekari áherslu á lífsstílsbreytingu. Ég nota prógramm sem heitir „8 weeks to a new you“ og hitti þá viðskiptavinina þrisvar eða fjórum sinnum í viku í átta vikur,“ útskýrir Guðfinna og segist finna mikinn mun á lífinu í Dubai og Íslandi. „Við fluttumst hingað eftir að maðurinn minn fékk flugmannsstarf hjá Emirates-flugfélaginu og það tók mig allavega tvö ár að venjast þessum breytta lífsstíl. Hér eru allir með þernur á heimilinu, það eru engar gangstéttir til að fara í göngutúra og maður fer allra sinna ferða á bíl, sem er mjög tímafrekt því það er allt fullt af bílum,“ segir Guðfinna.

Aðspurð hvort verðlagið sé ekki hátt segir hún það mjög svipað og hérlendis. „Fyrir tveimur árum hefði ég sagt að verðlagið væri lægra á Íslandi, en nú hefur allt hækkað svo mikið að það er svipað í dag,“ segir Guðfinna sem vill þó ekki meina að fjölskyldan verði í Dubai til frambúðar.

„Dubai er rosalega langt komið í ýmsu, svo sem skólamálu, en annað er mjög langt eftir á. Það getur til dæmis tekið heila eilífu að láta gera við bilaðan bíl eða ganga frá pappírsvinnu. Uppbyggingin í landinu er gífurlega hröð og það er hálfóhugnanlegt hvað það er mikið af peningum hérna, en maður er mest hræddur um að þetta sé blaðra sem springi einn daginn. Flugfélagið sér okkur fyrir mjög fínu húsi og greiðir hita, rafmagn og læknskostnað, en þetta er ekki það raunverulega líf sem ég vil að synir mínir kynnist svo ég vil gjarnan flytja til Svíþjóðar eða Íslands þegar eldri sonur minn fer í gagnfræðaskóla,“ segir Guðfinna að lokum, en þeim sem hafa áhuga á að kynna sér þjálfunaraðferðir Guðfinnu betur er bent á að kíkja á 8weeks.net.

alma@frettabladid.is



ÁNÆGB Í DUBAI Guðfinna hefur nóg að gera sem líkamsræktarkennari og einkaþjálfari í Dubai, en vill þó ekki búa þar til frambúðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUBUNN

FRÉTTIR AF FÓLKI



Tískutröllin **Arnar Gauti Sverrisson** og **Gunnar Hilmarsson**, oftast kenndur við GK, virðast hafa ákveðið að taka golfþróttina með trompi í sumar. Þeir vöktu athygli á Hvaleyrarvellinum á föstudag þar sem

þeir voru mættir ásamt tveimur félögum sínum. Baðir voru þeir Arnar Gauti og Gunnar uppstrílaðir, í bleikum peysum og með trefla og klúta samkvæmt nýjustu tísku. Ekki fer sögum af árangri þeirra á golfvöllinum en þeir voru í hið minnsta við öllu búnir, með góðar græjur og á golfbíl. Höfðu viðstaddir á orði að það væri nú nógu sjaldgæft að sjá alvöru golfbíl á íslenskum golfvöllum, en þennan daginn sáu menn í fyrsta skipti golfbíl ferja menn hvert fótmál á æfingavellinum.

Á Austur-Indíafjallaginu var samankomið sannkallað draumalið Valsmanna í handknattleik síðastliðið laugardagskvöld. Fór þar fremstur í flokki landsliðshetjan **Snorri Steinn Guðjónsson**.

Með honum voru menn á borð við **Markús Mána Mikaelsson**, fyrrum leikmann Vals og íslenska landsliðsins, og **Ólaf Gíslason**, markmann Valsmanna. Einnig gat þar að líta **Bjarka nokkum Sigurðsson** sem varð frá að hverfa úr handboltanum vegna meiðsla á besta aldri. Drengirnir höguðu sér prúðmannlega áður en þeir héldu út í sumarnóttina.

Trommuleikarinn **Hanni Bachmann** og kona hans **Íris Aðalsteinsdóttir** eignuðust á dögnum heilbriggt stúlubarn. Rokkarinn geðþekki lýsti því á Vísi.is

hvernig hann hágrét þegar prinsessan fæddist, og skyldi engan undra sem þekkir tilfinninguna. Stúlkan hefur verið nefnd **Evíta Rán**. -hdm/shs

FISKBÚÐIN HAFBERG Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

STÓR HUMAR, LÚÐA, LAX, TÚNFISKUR

Úrval fiskrétta á grillið

opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00

Heimsótti George Lucas

„Jú, ég hitti George og tók í spaðann á honum. Hann var fremur þurr á manninn, enda frægur fyrir það,“ segir Ólafur Jóhannesson De Fleur sem á dögnum heimsótti Skywalker-búgarð George Lucas ásamt fleiri aðilum úr kvikmyndahéiminum. „Það eru þarna fjögur eða fimm risastór hús sem hann á. Þar með talið risahljóðstúdíó þar sem vinna um 130 manns,“ segir Ólafur en stúdíó George Lucas sér meðal annars um að hljóðsetja allar myndir Stevens Spielberg og allar myndir frá Pixar, sem eitt sinn var hluti af Lucasfilm.

Ólafur notaði tækifærið og bað hinn virta leikstjóra um leyfi til þess að nota skot af Yoda úr Star



ÓLAFUR DE FLEUR Heimsótti Skywalker-búgarð George Lucas og gekk frá samningum í leiðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR EINKASAFNI

Wars í mynd sinni Queen Raquela. „Já, ég talaði við drenginn um það. Hann vísaði mér þurrlega – samt var eitthvað blítt við það – á aðstoðarmann sem gekk frá smáatriðum svo ég fengi leyfið. Það hefði verið stórmál að fá þetta í gegnum

lögfræðinga þannig að það var fínt að nota tækifærið,“ segir Ólafur.

Af Ólafi er annars það að fréttu að mynd hans Queen Raquela fór í sýningu í kvikmyndahúsum Los Angeles í síðustu viku og fer vel af stað að sögn Ólafs. „Viðbrögð áhorfenda hafa verið frábær. Nokkrir stelpustrákar hafa haft samband og nokkrar stúlkur sem eru þekktar úr klámheiminum herna hafa fylgst með myndinni og ætla að mæta og sýna sinn stuðning. Það verður fróðlegt að sjá,“ segir Ólafur sem lauk á dögnum við þrjá þætti sem kallast Hringfarar. Í sumar ætla hann að slaka á og „leyfa heilanum að anda aðeins“.

- shs

Office**1** Superstore

**Takk
Dr. Gunni!**

**25%
afsláttur
af öllu!**



ÚTSALA • ÚTSALA • ÚTSALA

Einungis í verslunum okkar

Starfsfólk Office1 biður neytendur og Dr.Gunna afsökunar á því að hafa sofnað á verðvaktinni og viljum að sjálfsgöðu bæta viðskiptavinum okkar þetta upp og höfum því ákveðið að veita 25%afslátt af öllum vörum í verslunum okkar næstu daga.

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaeynd: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

MEST LESIÐ:

Læknavakt á Suðurnesjum lokað vegna fjárskorts

Ramses meðhöndlaður eins og fangi á Ítalíu

Jón ákærður fyrir hundraða milljóna króna skattsvik

Hópslagsmál í Reykjanesbæ

visir.is

...ég sá það á visir.is



BAKÞANKAR
Práins
Bertelssonar

Skuggi Skuggason í Skuggasundi


Ég hélt að sá tími myndi aldrei koma að ég þyrfti að fara á mótmælafund til að biðja íslensk yfirvöld að stilla sig um að ata hendur sínar saklausu blóði – en það átti fyrir mér að liggja að fara í mótmælastöðu upp í Skuggasund, þar sem dómsmálaráðherra hefur skrifstofu. Ég er ekki að grínast. Dómsmálaráðuneyti Íslands stendur við Skuggasund.

SÁ ÚRSKURÐUR að flytja úr landi – frá eiginkonu og nýfæddu barni – mann sem á yfir höfði sér að verða drepinn í heimalandi sínu er ógnvænlegur. Ekki síst vegna þess að huggun mín og margra annarra síðustu hálfu öld hefur verið sú að þótt Flokkurinn sem mótað hefur íslenskt þjóðfélag víli ekki fyrir sér að tortryggja, uppnefna, njósna um, hefta eða eyðileggja starfsframa þeirra sem þora að setja sig upp á móti vilja hans séu menn þó alltént ekki í beinni lífshættu. Með orðinu „uppnefna“ á ég við það meiðyrði að kalla andstæðinga sína „kommúnista“. Aðferð sem gaf góða raun í skammvinnu galdrafári McCarthys í Bandaríkjunum.

NÚ ER svo komið að Flokkurinn virðist ekki lengur víla það fyrir sér að senda saklaust fólk í böðulshendur. Úr því að „Lebensraum“ er orðið svona takmarkað á Íslandi vil ég gera stjórnvöldum það tilboð að flytja mig til Ítalíu og bjóða mig fram sem gísl í staðinn fyrir Paul Ramses, svo að hann geti fengið að sjá litla barnið sitt aftur, en ég komist út úr skugga hinnar helbláu handar.

NÝJASTA hugsjón Flokksins er að leynileg lögregla fái „framvirkar rannsóknarheimildir“. Sem sé heimildir til að rannsaka manneskjur eftir geðþótta án þess að nokkur grunur liggja fyrir um að þær hafi gerst brotlegar við lög eða hafi lögbrot í hyggju. Ég veit ekki af hverju fólk kaus Flokkinn, en það var ekki til þess arna sem þjóðin veitti Samfylkingunni það umboð sem hún hefur.

ÉG MÓTMÆLI mannhatri og miskunnarleysi í nafni þeirra kynslóða sem að mér standa og hafa lifað og dáið frá landnámstíð í trú á frelsi og framtíð þessa lands og allra heimsins barna. Allar komu þær kynslóðir naktar í heiminn og enginn krafði þær um vegabréf til að fá að lifa. Farðu burt, Skuggi Skuggason í Skuggasundi. Farðu burt, helbláa hönd.


GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn 7. júlí,
190. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	3.20	13.33 22.43
Akureyri	2.24	13.17 0.07

Heimild: Almanak Háskólans



YFIRBURÐA BÍLL

Fjór hjóladrífinn Subaru Forester er enginn venjulegur bíll. Hann hefur meiri veghæð (21,5cm) og meira rými en sambærilegir bílar. Hann er nýtskulegur í útliti og hlaðinn búnaði sem gerir að einstakan. Hann er Subaru og því bílar hann sjaldnar en flestir bílar. Því segjum við – Nýr Forester sportjeppi er YFIRBURÐA BÍLL

Beinskíptur: **3.590.000 kr.**
Sjálfskíptur frá: **3.790.000 kr.**

Sjálfvirk hleðslujöfnun
Subaru FORESTER er með sjálfvirka hleðslujöfnun á afturfjórðrum sem tryggir að hann stendur réttur þrátt fyrir töluverða hleðslu. Þessi jöfnun á þyngdardreifingu auðveldar stjórnun og gerir bílinn öruggari í akstri.



ÖFLUG ÞJÓNUSTA UM LAND ALLT

Komdu við á einum af eftirtöldum stöðum á landinu og kynntu þér nýjan og glæsilegan Subaru Forester. Forester er frábær sportjeppi sem stendur undir væntingum við íslenskar aðstæður. Kynntu þér Forester, fáðu bækling, skoðuðu gripinn í krók og kima og prufukeyrðu.

Kortið sýnir þá staði þar sem við bjóðum upp á reynsluakstur.

Starfsfólk Ingvars Helgasonar

Reykjavík, Sævarhófa 2, 525 8000
Selfossi, Hrímsyrja 2a, 575 1460 - Akureyri, Öseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521



INGVAR HELGASON